



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Samanburður lífeyriskerfa fimm landa:

Ísland

Bretland

Danmörk

Holland

Svíþjóð

Samantekt á gögnum frá OECD (Efnahags- og framfarastofnuninni) og öðrum opinberum aðilum

Febrúar 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Meginniðurstöður samantektarinnar.....	4
Kafli 1 Markmið og einkenni lífeyriskerfa.....	5
Kafli 2 Megin Einkenni lífeyriskerfa landanna fimm.....	9
Kafli 3 Samanburður lífeyris með framreikningi.....	12
Kafli 4 Samanburður á kjörum núverandi lífeyrisþega.....	16
Kafli 5 Fjármögnun lífeyriskerfa.....	21
Kafli 6 Aldursdreifing og atvinnuþátttaka.....	23
Kafli 7 Samanburður erlendra fagaðila á lífeyriskerfum.....	26
Viðaukar:	
Heimildir	30
<i>Lýsingar á lífeyriskerfum landanna:</i>	
Bretland.....	30
Danmörk.....	34
Holland.....	36
Ísland.....	38
Svíþjóð.....	40
<i>Samanburðartöflur:</i>	
0. og 1. stoð.....	42
2. stoð.....	43
<i>Skýringarmyndir:</i>	
Grunnmynd lífeyriskerfa.....	44
Lágmarkslífeyrir í löndunum fimm.....	45

Inngangur

Í þessari samantekt eru skoðaðar vísbendingar um að íslenska lífeyriskerfið (almannatryggingar og lífeyrissjóðir) komi vel út í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að hér séu greidd lægri iðgjöld en víðast hvar annars staðar. Dregin er upp mynd af stöðunni með samanburði á íslenska lífeyriskerfinu og lífeyriskerfi fjögurra nágrannalanda. Dregin eru fram helstu einkenni kerfanna í löndunum fimm og varpað ljósi á hvernig Ísland kemur út í því samhengi. Áhersla er lögð á ellilífeyri en ekki á örorku-, maka- eða barnalífeyri. Ekki er fjallað um einstakar lífeyrisafurðir, eignasamsetningu eða stjórnarhætti. Samantektin er gerð til að styðja við upplýsta umræðu um lífeyrismál og auðvelda aðgang að gögnum sem eru uppfærð reglulega.

Árið 2014 var gerð rannsókn á lífeyrissparnaði Íslendinga sem liður í fjölþjóðlegur verkefni á vegum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar) með fjárstuðningi Evrópusambandsins. Skýrslan, **Nægjanleiki lífeyrissparnaðar**, um niðurstöður rannsóknarinnar var kynnt og gefin út í febrúar 2015. Íslenska lífeyriskerfið kom afar vel út í þeim samanburði.

Í erindi fulltrúa OECD á fundi þar sem efni skýrslunnar var kynnt var m.a. vakin athygli á því að þótt lág iðgjöld vegna lífeyrissparnaðar væru greidd á Íslandi í samanburði við flest önnur lönd væru lífeyrisréttindi engu síðri en í þeim löndum sem tóku þátt í samanburðarrannsókninni. Að bera saman lönd á þennan hátt getur reynst erfitt vegna mismunandi vægis lífeyrisstoða, þ.e. grunnþátta lífeyriskerfisins í hverju landi fyrr sig. Í kjölfarið töldu Landssamtök lífeyrissjóða ástæðu til að fara í nánari samanburð við nokkur nágrannalönd til að varpa ljósi á þá þætti sem ráða mestu um lífskjör lífeyrisþega. Skipaður var starfshópur sem hefur nú lokið athugun sinni og er þessi samantekt afraksturinn.

Starfshópurinn valdi fjögur lönd til samanburðar við Ísland: Bretland, Danmörku, Holland og Svíþjóð. Forsendur valsins voru einkum þessar:

- Gjarnan er horft til þessara landa um samanburð við íslenskt samfélag.
- Útfærsla lífeyriskerfanna er ólík - og það varpar ljósi á mismunandi leiðir og valkosti.
- Kerfin eru almennt talin standa framarlega í alþjóðlegum samanburði lífeyriskerfa - og því góð fyrirmynd, ef ástæða væri talin til að huga að endurbótum á íslenska lífeyriskerfinu.
- Engar séraðstæður eða einkenni torvelda samanburð (dæmi: Olúsjóður Norðmanna).
- Gögnin sem samanburðurinn byggir á eru auðfengin á veraldarvefnum og uppfærð reglulega þannig að auðvelt verður að uppfæra samantektina á komandi árum.

Samantektinni var ætlað að draga fram eftirtalin atriði:

- Lýsingu á uppbyggingu og einkennum lífeyriskerfa landanna fimm.
- Lýsingu á fjármögnun kerfanna.
- Samanburð á ellilífeyri núverandi lífeyrisþega.
- Greiningu á því hverju kerfin muni skila í framtíðinni fyrir nýliða á vinnumarkaði.
- Líklegri útkomu íslenska kerfisins ef það yrði tekið með í árlegum samanburði þekkra rannsóknastofnana.

Starfshópurinn skipaðu:

Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Marianna Jónasdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, veitti hópnum ráð í upphafi. **Rakel Fleckenstein Björnsdóttir**, verkefnastjóri hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, starfaði með hópnum á síðari stigum og sá um frágang samantektarinnar.

Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, veitti ráðgjöf um efnistösk og heimildir, m.a. frá OECD þar sem hann var starfsmaður um skeið.

Meginniðurstöður samantektarinnar

Þrátt fyrir hlutfallslega lág opinber framlög til ellilífeyris (sem að hluta má rekja til þess að hlutfall eldri borgara af heildarmannfjölda er lægra en í samanburðarlöndunum) kemur íslenska lífeyriskerfið vel út hvað tekjuhluftöll varðar í samanburði við hin löndin fjögur af tveimur ástæðum:

- Vernd gegn alvarlegri fátækt er náð með því að beina greiðslum almanna-trygginga markvisst að láglaunafólki og þeim sem verst standa, en hinir fá lítið eða ekkert.
- Réttindakerfi starfstengdu lífeyrissjóðanna geta tryggt nægilegt lífeyris-hlutfall, að vísu eftir lengri starfsævi en tíðkast í hinum löndunum. (Kafli 6)

Ísland er nú þegar með afgerandi hæst hlutfall ellilífeyris úr söfnunarkerfum (starfstengdum lífeyrissjóðum og séreignarsparnaði). Í hinum löndunum fjórum kemur meirihluti lífeyris úr opinberum gegnumstreymiskerfum. (Kafli 2)

Ef reiknaður er út væntur lífeyrir einstaklings sem er nýkominn á vinnumarkað verður niðurstaðan sú, að hollenska kerfið skili bæði hæstu lífeyrishlutfalli og jöfnustu skiptingunni á greiðslum frá ríki annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar. Íslenska kerfið kemur þar næst á eftir. (Kafli 3)

Íslenska kerfið sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris úr opinbera kerfinu. Ísland er jafnframt eina landið þar sem lífeyrir úr opinbera kerfinu fellur niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk. (Kafli 3)

Á Íslandi er jöfnuður í tekjum meiri en í hinum löndunum, hér eru hlutfallslega færri undir fátæktarmörkum og lífeyrisþegar koma allvel út hvað þetta varðar í samanburði við aðra landsmenn og við lífeyrisþega hinna landanna. (Kafli 4)

Á Íslandi eru útgjöld til ellilífeyris sem hlutfall af landsframleiðslu mun minni en í hinum löndunum fjórum. (Kafli 5)

Af umfjöllun tveggja erlendra rannsóknarstofnana um styrkleika og veikleika lífeyriskerfa nokkurra tuga erlendra ríkja má ætla að Ísland myndi fá háa einkunn í slíkum samanburði og líklega ná inn í eitt af efstu sætunum eða a.m.k. topp tíu. (Kafli 7)

Kaflí 1 Markmið og einkenni lífeyriskerfa

Kostir góðs lífeyriskerfis

Ýmsir fræðimenn hafa lýst sjónarmiðum sínum um kosti góðra lífeyriskerfa. Í meðfylgjandi töflu eru sett fram nokkur viðmið sem talin eru skipta máli við mat á gæðum lífeyriskerfa. Horft verður til þessara viðmiða við lýsingu og samanburð á lífeyriskerfum landanna fimm í þessari samantekt..

Tafla 1: Kostir góðs lífeyriskerfis

Markmið		Ísland
<i>Vörn gegn fátækt aldraðra</i>	Engir eða fáir aldraðir undir fátæktarmörkum landsins.	Já
<i>Viðhald lífsgæðastigs</i>	Viðunandi hlutfall lífeyris af lokatekjum eða meðalævitekjum (lífeyrishlutfall)	Já, skv. samanburði OECD.
<i>Sjálfbærni kerfis</i>	Mannfjöldaþróun auki ekki á byrðar komandi kynslóða.	Já
<i>Sanngirni</i>	Kerfið auki ekki á ójöfnuð í tekjum eða eignum.	Já
<i>Jákvæð áhrif á hagkerfi</i>	Sjóðsöfnun og fjölbreytni fjárfestinga.	Já
<i>Hvati til vinnu</i>	Kerfið umbuni fyrir unnin ár og vinnu á efri árum.	Já, þar til taka lífeyris úr opinbera kerfinu hefst.

Framkvæmd		Ísland
<i>Sveigjanleiki lífeyristöku</i>	Breytilegur lífeyristökualdur og hlutalífeyrir.	Já, og eykst frá 2018
<i>Áhættuhlutdeild</i>	Samtrygging ævilangs lífeyris.	Já
<i>Hagkvæmni</i>	Samrekstur fyrir stóra hópa.	Já
<i>Flytjanleg réttindi</i>	Réttindi varðveitist þótt skipt sé um vinnu.	Meginregla, stefnt að því að verði algild.
<i>Framfærslulífeyrir</i>	Óheimilt að fá eingreiðslur til annarra útgjalda en hefðbundinnar framfærslu.	Já

Uppbygging heildstæðs lífeyriskerfis

Alþjóðabankinn birti tímamótaskýrslu árið 1994 sem hét „Að koma í veg fyrir ellikrísuna“ (**Averting the Old-Age Crisis**). Þar var mælt með þriggja stoða lífeyriskerfi og hefur skilgreining stoðanna síðan verið meðal grunnhugtaka í lífeyrisumræðu.

Stoð 1 Opinbert lífeyriskerfi með skylduaðild, fjármagnað með sköttum.

Stoð 2 Lífeyrissparnaðarkerfi með skylduaðild, fullfjármagnað.

Stoð 3 Frjáls lífeyrissparnaður, fullfjármagnaður.

Á Íslandi hefur venjan verið að tala um almannatryggingar (Tryggingastofnun) sem fyrstu stoð, lífeyrissjóðina (samtryggingarsjóði) sem aðra stoð og séreignarsparnaðinn (hjá lífeyrissjóðum, bönkum og tryggingafélögum) sem þriðju stoð.

Jafnframt hafa hugtökin gegnumstreymiskerfi og sjóðsöfnunarkerfi verið notuð í lýsingum á mismunandi kerfum. Teljast íslensku almannatryggingarnar þá dæmi um gegnumstreymiskerfi, því að þar er ekki safnað í sjóð fyrir lífeyrisgreiðslum framtíðarinnar heldur tekið af samtímaskatttekjum, en hinar tvær stoðirnar eru að meginstefnu sjóðsöfnunarkerfi.

Í þessari samantekt verður orðalagið opinbert lífeyriskerfi, hvað Ísland varðar, notað um almannatryggingar, sem Tryggingastofnun annast skv. lögum um almannatryggingar. Orðalagið gildir ekki um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna (LSR, Brú o.fl.)

Árið 2005 birtu tveir starfsmenn Alþjóðabankans (Holzmann og Hinz) grein þar sem þriggja stoða kerfið var víkkað út í fimm stoðir:

Stoð 0 Grunnlífeyrir, almennur eða þarfatengdur – fjármagnaður með skatttekjum á hverjum tíma.

Stoð 1 Opinbert lífeyriskerfi með skylduaðild - fjármagnað með iðgjöldum og í sumum tilvikum úr opinberum sjóðum.

Stoð 2 Lífeyrissparnaðarkerfi, sjálfstætt starfandi; með skylduaðild, starfstengd eða valfrjáls - fullfjármögnuð með sjóðsöfnun.

Stoð 3 Frjáls lífeyrissparnaður, sjálfstætt starfandi; starfstengdur eða valfrjáls – fullfjármagnaður með sjóðsöfnun.

Stoð 4 Valfrjáls sparnaður utan lífeyriskerfisins með aðgangi að fjölbreyttum fjármála-gjörningum og öðrum eignum og stuðningi. (*bankainnistæður, verðbréf, lífeyrisvörur tryggingafélaga, fasteignir o.fl.*)

Fimmstoðaflokkunin er sjaldséð í umfjöllun um lífeyriskerfi, en nýtur vaxandi fylgis erlendra sérfræðinga sem fjalla um lífeyrismál. Hún hentar vel sem greiningartæki í þessari samantekt um samanburð lífeyriskerfa nokkurra landa. Í eftirfarandi umfjöllun verður leitast við að laga lýsingu á kerfum einstakra landa að fyrstu fjórum stoðunum.

Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar falla undir 0-stoðina og breytingar á almannatryggingum í ársbyrjun 2017 raska ekki þeirri flokkun.

Fjármögnun lífeyriskerfa

Í greiningu á lífeyriskerfum landanna fimm hafa komið fram ferns konar aðferðir við fjármögnun kerfanna og myndun lífeyrisréttinda. Ísland notar tvær þeirra, þ.e. ósýnileg/óbein iðgjöld og réttinda-miðuð iðgjöld.

a) *Ósýnileg/óbein iðgjöld:* Almennir skattar renna til greiðslu ellilífeyris almannatrygginga. Þessi tilhögun (í Danmörku og á Íslandi) fellur að lýsingunni á 0-stoðinni. Þetta er hrein gegnumstreymis-útfærsla.

b) *Föst iðgjöld:* Fjárhæð iðgjalda er sú sama hjá öllum sem vinna fullt starf (en hlutfallsleg hjá þeim sem eru í hlutastarfi). Réttindi ráðast af iðgjöldum. Þeir sem vinna fullt starf í 40 ár fá allir jafnháa fjárhæð, óháð launum. Þessi tilhögun er viðhöfð í Danmörku (ATP-sjóðurinn) og flokkast sem 1. stoð (í fimmstoðaflokkun), en er þó fjármögnuð með sjóðsöfnun. Opinberu lífeyriskerfin í Danmörku eru því að hluta til fjármögnuð með beinum sköttum og að hluta með iðgjöldum frá fólki á vinnumarkaði.

c) *Jöfnunariðgjöld:* Iðgjöld eru yfirleitt prósentu af launum og því mishá en veita samt öllum greiðendum sama lífeyri. Þessi tilhögun (í Bretlandi og Hollandi) fellur að lýsingunni á 1. stoð (í fimm stoða flokkuninni). Jafnan er stefnt að því að inn- og útstreymi sé nálægt jafnvægi, að ríkið þurfi hvorki að bæta við fjármunum eða eiga afgang sem rennur til annarra nota. Kerfin eru því hugsuð sem gegnumstreymiskerfi þannig að vinnandi kynslóðir fjármagni samtíma lífeyrisgreiðslur til þeirra sem eru á eftirlaunum. Svíar reka nú nokkra varasjóði sem taka við iðgjöldum umfram útgreiðslu lífeyris og safna þannig til þess tíma þegar lífeyrisgreiðslur verða meiri en iðgjöld.

d) *Réttindamiðuð iðgjöld:* Iðgjöld eru yfirleitt prósentu af launum og því mishá, en réttindaávinnsla ræðst af fjárhæð iðgjalds og er því mismikil. Undir þessa skilgreiningu falla iðgjaldslífeyrir (premiepension) 1. stoðar í Svíþjóð og samtryggingarsjóðir 2. stoðar í löndunum fimm. Þessi kerfi eru sjóðsöfnunarkerfi. Undir þessa skilgreiningu fellur einnig þorri lífeyrissjóða með ábyrgð launagreiðenda, þótt launagreiðendur greiði iðulega einungis hluta iðgjalda eða jafnvel ekki neitt framlag fyrir en að töku lífeyris kemur, m.a. þegar lífeyrir byggist á lokalaunum eða launum eftirmanns.

Myndun réttinda í opinberu kerfi

Réttur til ellilífeyris úr opinbera kerfinu ræðst af lengd búsetu í öllum löndunum fimm. Yfirleitt þarf 40 ára búsetu til að njóta fulls réttar og lágmarksbúseta til að öðlast hlutfallsleg réttindi er á bilinu 3-10 ár. Það er yfirleitt hlutverk sveitarfélaganna að veita framfærsluúræði þeim sem ekki hafa öðlast nægilega mikinn rétt til lágmarksframfærslu.

Í Bretlandi og Svíþjóð er réttur til ellilífeyris úr opinbera kerfinu einnig háður þátttöku á vinnumarkaði (og þeir sem eru skráðir atvinnulausir öðlast einnig réttindi).

Mismunandi útfærslur opinberra kerfa

Þrjú starfsmenn OECD (Queisser, Whitehouse og Whiteford), birtu grein árið 2007 um skipan lífeyrisgreiðslna hins opinbera í OECD-löndum og samspilið við lífeyrissparnað í einkageiranum (þ.á m. starfstengda lífeyrissjóði, eins og tíðkast á Íslandi). Kerfi 30 landa (þ.á m. Íslands) voru greind og flokkuð.

Hér á eftir fer samantekt á lýsingu þeirra á flokkun lífeyrisgreiðslna hins opinbera:

Öll OECD-lönd hafa öryggisnet til að koma í veg fyrir fátækt aldraðra. Grunngerðir eru fjórar: Grunnlífeyrir; tekjutengdur lífeyrir; lágmarkslífeyrir innan tekjutengds kerfis og félagsleg aðstoð. Allar grunngerðirnar eru með skylduaðild og veittar af hinu opinbera. Sum lönd blanda grunngerðum saman.

Grunnlífeyrir: Föst greiðsla, jöfn til allra, eingöngu háð búsetutíma eða þátttöku á vinnumarkaði (en ekki tekjum). Rétturinn breytist ekki vegna fjárhæðar annarra lífeyristekna.

Tekjutengt kerfi: Hærrí lífeyrir greiddur fjárhagslega illa stæðum lífeyrisþegum og lágur eða enginn lífeyrir greiddur betur stæðum lífeyrisþegum. Tekjutenging tekur mið af stöðunni á lífeyristökualdri og getur verið með þrennum hætti:

- 1) Lífeyristekjur (þar sem einungis er tekið mið af fjárhæð annarra lífeyristekna)
- 2) Breiðara tekjuviðmið (lífeyrir lækkar t.d. ef lífeyrisþegi fær fjármagnstekjur)
- 3) Breiðara þarfaviðmið (lífeyrir lækkar bæði með tilliti til tekna og eigna)

Lágmarkslífeyrir: Ávinnsla lífeyrisréttinda tengd launatekjum á starfsævi. Yfirleitt þurfa lífeyrisþegar að hafa greitt iðgjöld í tiltekinn árafjölda til að fá lágmarkslífeyrinn.

Félagsleg aðstoð: Ekki sérstök tekjutengt kerfi fyrir ellilífeyrisþega, en almenn félagsleg aðstoð verndar fátækt fólk.

Samkvæmt greiningu höfunda var Ísland með tekjutengt kerfi árið 2007, enda var grunnlífeyrir Tryggingastofnunar tekjutengdur á þeim tíma.

Kaflí 2 Megineinkenni lífeyriskerfa landanna fimm

Þótt löndin fimm eigi það sameiginlegt að blanda saman gegnumstreymis- og sjóðsöfnunarkerfum, með megináherslu á stoðir 0, 1 og 2, er samanburður ekki einfaldur, því að útfærslurnar eru mismunandi í ýmsum efnum. Hér verður farið yfir helstu einkennin og frávikin. Ítarlegar lýsingar á kerfunum er að finna í viðaukum með þessari samantekt.

Tafla 3: Samspil stoða lífeyriskerfisins

Land	Opinbert kerfi	Söfnunarkerfi
Bretland	65%	35%
Danmörk	56%	44%
Holland	59%	41%
Ísland	26%	74%
Svíþjóð	85%	15%

Heimild: OECD

Tölur frá 2011

Tafla 3 sýnir mismunandi hlutdeild kerfanna í útgreiðslu elli- og eftirlifendalífeyris og ólíkt vægi sjóðsöfnunar. Nýrri tölur hafa ekki verið birtar hjá OECD. Átla má að hlutur söfnunarkerfa hafi verið óvenju hár á Íslandi árið 2011 þar sem tímabundnar heimildir voru í gildi um útgreiðslu séreignarsparnaðar til þeirra sem ekki höfðu náð 60 ára aldri. Til samanburðar má nefna að samkvæmt gögnum frá Tryggingastofnun og Fjármálaeftirlitinu um lífeyrisgreiðslur á árinu 2015 var hlutur opinbera kerfisins um 34% og söfnunarkerfanna um 66%.

Í öllum löndunum er opinbera lífeyriskerfið öryggisnet fyrir láglaunafólk og þá sem af einhverjum ástæðum hafa ekki áunnið sér mikinn lífeyrisrétt í starfstengdum lífeyrissjóðum. En með auknum lífeyrisréttindum eða öðrum tekjum skilur á milli Íslands og hinna landanna fjögurra. Á Íslandi er þróunin sú að vaxandi hlutfall fólks mun fá allan ellilífeyri frá starfstengdum lífeyrissjóðum og engan lífeyri úr opinbera kerfinu. Ekkert hinna landanna gengur svo langt. Ísland er eina landið innan OECD þar sem stærstur hluti lífeyris kemur frá lífeyrissjóðum.

Bæði OECD og Evrópusambandið mæla með að lífeyriskerfi sé byggt á þremur stoðum og á Íslandi hefur sú leið verið farin. OECD mælir þó með að starfstengdu lífeyrissjóðirnir, stoð 2, séu viðbót við opinbera kerfið en komi ekki í stað þess. OECD rökstyður þessa afstöðu m.a. með því að stoðirnar séu misviðkvæmar fyrir ytri áföllum eða breytingum í umhverfi, t.d. lýðfræðilegri dreifingu og sveiflum á verðbrefamarkaði, og hið opinbera sé betur í stakk búið til að taka á slíkum aðstæðum og áhættuskiptingu milli kynslóða.

Tafla 4: Vægi og skipting sjóðsöfnunar

Land	Sjóðsöfnun í % af VLF	Lífeyrissjóðir	Tryggingafélög	Annað
Bretland	97%	97%	*)	
Danmörk	206%	45%	138%	23%
Holland	178%	178%		
Ísland	158%	150%	1%	7%
Svíþjóð	76%	9%	64%	3%

Heimild OECD

Tölur frá 2015

*) Tölur vantar um sjóðsöfnun tryggingafélaga í Bretlandi, en áætlað er að þar bætist við 30-40% af VLF.

Öll löndin fimm eru meðal níu efstu landa heims þegar raðað er eftir vægi sjóðsöfnunar af landsframleiðslu, samkvæmt útreikningum OECD.

Tekjutengingar eru ólíkar í löndunum fimm:

- Í Danmörku skerða greiðslur úr starfstengdum lífeyrissjóði ekki grunnlífeyri, en aðrar tekjur geta leitt til þess að hann falli allur niður.
- Í Bretlandi, Hollandi og Svíþjóð hafa greiðslur frá lífeyrissjóðum eða aðrar tekjur ekki áhrif á lífeyri frá hinu opinbera.
- Á Íslandi skerða allar tekjur umfram lágt frítekjumark lífeyri frá hinu opinbera.

Í löndunum fimm er einnig ólík sýn á samspil stoðanna:

- Í Svíþjóð er opinbera kerfið hugsað sem kjarninn í lífeyrissparnaði, en önnur sjóðsöfnun sem uppbót.
- Í Bretlandi og Danmörku eru starfstengdu lífeyrissjóðirnir hugsaðir sem kjarninn, en opinbera kerfið á að skila hverjum einstaklingi vissum grunnlífeyri. Enn kemur þó meirihluti lífeyrisgreiðslna frá opinbera kerfinu.
- Í Hollandi er leitast við að láta stoðirnar tvær, hina opinberu og þá starfstengdu, bera áþekkan hlut af lífeyrisgreiðslum.
- Á Íslandi eru starfstengdu sjóðirnir kjarninn, en opinbera kerfið á fyrst og fremst að sinna þeim sem hafa áunnið sér lítil eða engin réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Þrátt fyrir ólíka stefnu um hver stoðanna eigi að gegna kjarnahlutverki á það þó við í öllum löndunum að með hækkandi tekjum á starfsævinni vex hlutfall lífeyris sem vænta má frá starfstengdu sjóðunum. Þannig fær hátekjufólkið stærri hluta lífeyri síns frá sjóðum, en lágtekjufólk fær mestan hluta lífeyris síns frá opinbera kerfinu.

Mismunandi tryggingaþættir

Misjafnt er hvaða áfalla- og eftirlífendalífeyrir er innifalinn í lífeyrisréttindum. Löndin fimm hafa hvert sinn háttinn á í þessum efnum, eins og taflan sýnir:

Tafla 5: Staða áfalla- og eftirlífendalífeyris í lífeyriskerfinu:

Land	0-stoð (greitt af skatttekjum)	1. stoð (iðgjöld til opinbers kerfis)	2. stoð (starfstengdir sjóðir)
Bretland	Innifalinn		Sjaldan innifalinn
Danmörk	Innifalinn	Innifalinn	Valkvæður
Holland		Sérstök iðgjöld	Yfirleitt innifalinn
Ísland	Innifalinn		Innifalinn
Svíþjóð	Innifalinn	Innifalinn	Valkvæður

Látist einstaklingur eða verði öryrki áður en ellilífeyristökualdri er náð er talað um áfallalífeyri og er hann þá greiddur öryrkjanum eða eftirlifandi maka og börnum (upp að tilteknum aldri). Eftir að ellilífeyristaka hefst er talað um eftirlífendalífeyri sem rennur til maka og barna (upp að tilteknum aldri). Í tölum OECD um ellilífeyri er eftirlífendalífeyrir talinn með.

Í Svíþjóð taka ofangreind lífeyrisréttindi mið af áunnum ellilífeyrisrétti í 1. stoðinni, en ef sá réttur er lítill eða enginn, er greiddur lágmarkslífeyrir úr 0 stoðinni.

Mismunandi skattfrádrættir

Í Bretlandi, Danmörku og á Íslandi eru öll lífeyrisiðgjöld upp að vissri prósentu frádráttarbær frá tekjuskattstofni.

Í Svíþjóð er fjárhæðarþak á iðgjöldum til réttindaávinnslu í opinbera kerfinu. Launþegi greiðir 7% af launum upp að þakinu. Vinnuveitandi greiðir hins vegar 11,5% af heildarlaunum og það sem er umfram fjárhæðarþakið telst þá til almennra skatta. Öll iðgjöld til starfstengdra sjóða eru frádráttarbær.

Í Hollandi er þak á skattfrádrætti iðgjalda, annars vegar miðað við að réttindaávinnsla nemi að hámarki 1,875% af launum ársins og hins vegar að ekki fái frádráttur út á þann hluta launa sem er umfram rúmar 100.000 EUR á ári (nánar tiltekið 101.519 EUR árið 2016). Samspil við ávinnslu réttinda til grunnlífeyris úr opinbera kerfinu (sem er föst fjárhæð, óháð tekjum) leiðir til þess að láglaunafólk greiðir lága viðbótarprósentu í starfstengdan sjóð en hátekjufólk greiðir hærri prósentu.

Þrjú landanna, Bretland, Holland og Ísland fylgja sömu meginreglunni um skattalega meðferð lífeyrissparnaðar, þ.e. að iðgjöld og ávöxtun lífeyrissjóða eru undanþegin skattlagningu en útgreiddur lífeyrir ber skatt (e. EET). Í Danmörku eru iðgjöld án skatts, en ávöxtun lífeyrissjóða ber rúmlega 15% fjármagnstekjuskatt og lífeyrir ber tekjuskatt (e. ETT) Í Svíþjóð er ávöxtun í opinbera sjóðsöfnunarkerfinu (premiepension) skattfrjáls, en reiknuð viðmiðunarávöxtun í öðrum sjóðum ber 15% fjármagnstekjuskatt.

Fjárhagsaðstoð

Í öllum löndunum er veitt fjárhagsaðstoð til framfærslu ef lífeyrir nær ekki tilteknu viðmiði, t.d. vegna stopullar atvinnuþátttöku eða skamrar búsetu í landinu. Yfirleitt er þetta á verksviði sveitarfélaga. Í þessari samantekt er leitast við að halda slíkri aðstoð utan við útreikninga.

Kaflí 3 Samanburður lífeyris með framreikningi

Í þessum og og fjórða kafla eru notaðar tvær ólíkar aðferðir til að bera saman lífeyri í löndunum fimm.

- Fyrri aðferðin (í þessum kafla) byggist á því að taka gildandi reglur á árinu 2013 og reikna út hvernig lífeyrir nýliða á vinnumarkaði yrði þegar kæmi að töku hans við lok starfsævinnar.
- Hin aðferðin (í kafla 4) ber nýjustu fánlegar upplýsingar um tekjur lífeyrisþega saman við meðaltekjur allra landsmanna.

Í ritinu **Pensions at a Glance** sem OECD gefur út annað hvert ár er borið saman lífeyrishlutfall (e. replacement ratio) í ríkjunum sem greining OECD nær til, þ.á m. á Íslandi. Hér á eftir er lýst aðferðum og niðurstöðum í samanburði landanna fimm úr ritinu frá 2015. Í öllum tilvikum er unnið með gögn frá árinu 2013.

Lífeyrishlutfallið sem OECD reiknar út er hlutfall ellilífeyris af meðallaunum á starfsævinni, frá 20 ára aldri að opinberum lífeyristökualdri. Gert er ráð fyrir að starfsævin hefjist 2014 og ljúki við þann lífeyristökualdur sem á að vera í gildi þegar þar að kemur. Starfsævin er því mislönng í samanburðarlöndunum, þar sem lífeyrisaldur er reiknaður sem 65 ár í Svíþjóð, 67 ár á Íslandi, Danmörku og Hollandi og 68 ár í Bretlandi.

Hlutfallið er reiknað út með tvennum hætti, fyrir og eftir skatta. Í útreikningi hlutfallsins eftir skatta eru gildandi skattareglur (ársins 2013) notaðar bæði til að reikna út meðallaun á starfsævinni eftir skatta og ellilífeyri eftir skatta. Gert er ráð fyrir að skattþrósentur haldist óbreyttar, en að viðmið, s.s. persónu-afsláttur, fylgi verðlagi.

Inn í samanburðinn eru tekin öll lögbundin lífeyriskerfi og einnig kjarasamningabundin kerfi sem taka til a.m.k. 85% af vinnandi fólki. Í löndunum fimm nær samanburðurinn því til lífeyris úr stoðum 0 og 1 (almannatryggingum) og 2. stoð (starfstengdum lífeyrissjóðum). Samanburðurinn nær hins vegar ekki til þátta eins og séreignarsparnaðar (3. stoðar).

Ef fjárhæðir lífeyris og sérstakra uppbóta úr almannatryggingum eru tekjutengdar gerir OECD ráð fyrir að lífeyrisþegar taki við öllum þeim greiðslum sem þeir eiga rétt á, að teknu tilliti til tekna. Í sumum tilvikum ráðast uppbætur einnig af eignastöðu, en OECD lætur tekjuviðmiðið nægja (og gerir þannig ráð fyrir að ekki séu til staðar eignir sem skipta máli).

OECD notar sömu efnahagsbreytur fyrir öll löndin, s.s. um verðbólgu, launaþróun, ávöxtun sjóða og tryggingafræðilegar forsendur, til þess að samanburður sé óháður ástandi hagkerfanna og hagvexti. Samanburðurinn leiðir því í ljós mismun á lífeyriskerfum og stefnu landanna.

Í riti OECD er gengið skemmra í útreikningum fyrir Bretland en hin löndin fjögur. Stafar það af því að á árinu 2014 var aðild að starfstengdum lífeyrissjóðum enn ekki lögbundin eða það almenn að hún næði 85% viðmiðinu. OECD skilgreindi kerfið því sem valfrjálst og tók það einungis með í sumum útreikningum, einkum varðandi lífeyri lægra launaðra. Miklar breytingar á breska kerfinu tóku gildi í apríl 2016, en OECD sýnir ekki útreikninga um áætluð áhrif þeirra. Á sama hátt eru nýlegar breytingar á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga á Íslandi sem tóku gildi 1. janúar 2017 ekki inni í þeim samanburði sem hér er sýndur. Í báðum löndunum fá flestir lífeyrisþegar hærri lífeyri eftir breytingarnar og löndin koma því væntanlega betur út hvað tekjuhlutföll varðar úr samanburði sem gerður verður eftir 1-2 ár.

Samanburðurinn á lífeyrishlutfalli af meðalævitekjum fyrir skatt sýnir að löndin fimm eru öll fyrir ofan meðaltal OECD-ríkja, en þau fara ólíkar leiðir að þessu marki. Ísland er með langlægsta hlutfall ellilífeyris frá hinu opinbera, en bætir það upp með lífeyri úr starfstengdu sjóðunum. Holland er með tiltölulega jafnt hlutfall til mismunandi tekjuhópa og Ísland sömuleiðis nema hvað þeir lægst launuðu koma nokkru betur út vegna uppbóta úr almannatryggingakerfinu. Lífeyrishlutfall fer lækkandi með

hækkandi tekjum í öllum löndunum nema Svíþjóð, þar skila hærri tekjur hærra lífeyrishlutfalli, bæði fyrir og eftir skatta.

Samanburður á lífeyrishlutfalli eftir skatt sýnir að hlutfallið hækkar í öllum tilvikum í Bretlandi, á Hollandi og Íslandi, en í Danmörku og Svíþjóð lækkar hlutfallið hjá þeim lægst launuðu en hækkar hjá öðrum.

Tafla 6: 1. stoð = lífeyrishlutfall fyrir skatta

<i>% af meðallaunum</i>	<i>50%</i>	<i>100%</i>	<i>150%</i>
Ísland	16,8%	3,4%	2,3%
Danmörk	56,2%	21,5%	10,3%
Bretland	59,4%	29,7%	19,8%
Holland	54,2%	27,1%	18,1%
Svíþjóð	42,7%	42,7%	29,5%
OECD í heild	53,2%	40,9%	35,5%

Heimild OECD

Opinberu lífeyriskerfin vernda hag lágláunafólks og tryggja því hærra lífeyrishlutfall en þeim sem hafa haft hærri tekjur yfir starfsævina. Íslenska kerfið sker sig þó úr, því að tekjutengingin er mest og lífeyrishlutfall lækkar mun hraðar með auknum tekjum en í kerfum hinna landanna. Eftir breytingar á almannatryggingum frá 1. jan. 2017 hefur tekjutengingin breyst og að hluta aukist, en eins og áður greinir kemur það ekki fram í þeim gögnum sem hér eru til umfjöllunar.

Tafla 7: 2. stoð = lífeyrishlutfall fyrir skatta

<i>% af meðallaunum</i>	<i>50%</i>	<i>100%</i>	<i>150%</i>
Ísland	65,8%	65,8%	65,8%
Danmörk	51,3%	46,3%	44,7%
Bretland	31,1%	31,1%	31,1%
Holland	39,8%	63,4%	71,2%
Svíþjóð	21,7%	21,7%	43,6%
OECD í heild	Ekki reiknað		

Heimild OECD

Starfstengdu lífeyrissjóðirnir veita að jafnaði réttindi í samræmi við inngreidd iðgjöld og því er líklegasta útkoman sú að lífeyrishlutfall sé áþekkt, óháð launum. Sú er raunin í Bretlandi og á Íslandi og að mestu leyti í Danmörku. Í Hollandi og Svíþjóð er útkoman önnur – þar hækkar lífeyrishlutfall með hækkandi launum. Í þessum tveimur löndum er hátekjufólki gert kleift að ávinna sér aukin réttindi í starfstengdu sjóðunum til mótvægis við þakið sem er á lífeyrisávinnslu í opinbera kerfinu.

Þegar lífeyrir frá stoðunum tveimur er lagður saman verður niðurstaðan þessi:


Tafla 8: Lífeyrishlutfall af meðalævitekjum fyrir skatta:

% af meðallaunum	50%	100%	150%	200%	300%
Ísland	82,6%	69,2%	68,1%	67,5%	66,9%
Danmörk	107,4%	67,8%	55,1%	51,6%	48,2%
Bretland	89,5%	60,8%	50,9%	Ekki reiknað	
Holland	94,0%	90,5%	89,3%	88,7%	88,1%
Svíþjóð	64,4%	64,4%	73,1%	77,9%	82,8%
OECD í heild	64,8%	52,7%	47,5%	Ekki reiknað	

Heimild OECD

Meginreglan er sú, að lífeyriskerfin vernda hag lágláunafólks og tryggja því herra lífeyrishlutfall en þeim sem hafa haft hærri tekjur. Undantekningin er sænska kerfið, þar sem lífeyrishlutfall hækkar með auknum tekjum. Lífeyrishlutfall í hollenska kerfinu er nokkuð jafnt eftir tekjum og það sama má segja um það íslenska.

Mynd 1: Lífeyrishlutfall af meðalævitekjum fyrir skatta:



Eins og fram kemur hér á undan eru tölurverð tekjujöfnunaráhrif í lífeyriskerfum landanna fimm, einkum í fyrstu stoðinni. En skattkerfi hafa iðulega einnig þennan eiginleika og samanburður hér á eftir dregur það fram. Tafla 9 sýnir samanburð á ráðstöfunartekjum, að undanskildum sérstökum tilfærslum, s.s. barnabótum, húsnæðisbótum o.þ.h.

Tafla 9: Lífeyrishlutfall af meðalavitekjum eftir skatta:


% af meðallaunum	50%	100%	150%	200%	300%
Ísland	90,5%	76,7%	76,3%	78,5%	79,1%
Danmörk	103,2%	66,4%	57,2%	55,6%	50,4%
Bretland	99,1%	71,1%	62,3%	Ekki reiknað	
Holland	101,3%	95,7%	94,1%	92,6%	90,9%
Svíþjóð	63,9%	63,6%	78,2%	83,0%	85,6%
OECD í heild	74,5%	63,0%	58,2%	Ekki reiknað	

Heimild OECD

Í Danmörku og Hollandi bera þeir lægst launuðu meira úr býtum eftir að taka ellilífeyris hefst en þeir gerðu á starfsævinni. Almennt hefur skattkerfið þau áhrif að hlutfall lífeyris af meðalavitekjum eftir skatta verður hærra en hlutfallið af meðalavitekjum fyrir skatta, mismikið þó. Í Svíþjóð lækkar þó hlutfallið hjá þeim lægra launuðu.

Heildarmyndin er sú að hollenska kerfið skilar hæstu lífeyrishlutfalli og þar eru minnstar sveiflur eftir tekjum. Íslenska kerfið kemur þar næst á eftir.

Mynd 2: Lífeyrishlutfall af meðalavitekjum eftir skatta:



Kaflí 4 Samanburður á kjörum núverandi lífeyrisþega

Fyrri aðferðin við samanburð á lífeyri, sem fjallað var um í 3. kafla, var hlutlaus að því leyti, að ekki voru bornar saman fjárhæðir, heldur hlutfall lífeyris af meðalævitekjum. Samanburður á kjörum núverandi eða nýlegra eftirlaunaþega verður hins vegar að byggjast á upplýsingum um fjárhæðir og þá þarf einnig að finna aðferð til að bera saman verðgildi milli landa. Hér verður notast við PPP-kaupmáttarstuðla¹ sem OECD reiknar út í þessum tilgangi.

Samanburður á lífskjörum í löndunum fimm byggist á tölum frá OECD – Efnahags- og framfarastofnuninni, en þær koma upphaflega frá hagstofum landanna.

Farnar eru tvær leiðir til að varpa ljósi á afkomu lífeyrisþega (fólks yfir 65 ára aldri):

- Skoðaðar eru upplýsingar um tekjudreifingu og fátæktarhlutföll eftir aldurshópum.
- Tekjur lífeyrisþega eru bornar saman við tekjur allra landsmanna og fátæktarmörk.

Sumar hagtölur skila sér seint í gagnagrunna hjá OECD, en þrátt fyrir það ætti að vera unnt að gera trúverðugan samanburð, ef haft er í huga að breytingar á lífeyriskerfum og lífskjörum almennings eru yfirleitt hægfara.

Nýjustu tölur sem OECD hefur birt fyrir löndin fimm um GINI-stuðla, fátækt og ráðstöfunartekjur eru frá árinu 2013. Vegna styrkingar íslensku krónunnar undanfarin misseri getur myndin nú verið nokkuð önnur en samanburður fyrir árin 2013 sýnir. En þegar leiðrétt er fyrir kaupmætti virðist breytingin vera af stærðargráðunni 5-6% og heildarmyndin ætti því að vera trúverðug þrátt fyrir þessa skekkju.

Tekjudreifing og fátækt

Mat eftir GINI-stuðli:

GINI-stuðullinn er algengasti mælikvarðinn á tekjudreifingu.² OECD birtir GINI-stuðul fyrir ráðstöfunartekjur eftir skatta og tilfærslur (s.s. barnabætur, húsnæðisbætur o.þ.h.) fyrir alla þjóðina, fólk á vinnualdri og fólk á eftirlaunaaldri.

Tafla 10: Tekjudreifing samkvæmt GINI-stuðli:

Land	Öll þjóðin	18-65 ára	66 ára og eldri
Bretland	0,358	0,353	0,322
Danmörk	0,254	0,255	0,225
Holland	0,280	0,284	0,229
Ísland	0,244	0,246	0,227
Svíþjóð	0,281	0,281	0,271

Heimild OECD

¹PPP stendur fyrir enska heitið Purchasing Power Parity eða kaupmáttarjöfnuð. Þetta hagfræðihugtak er gjarnan notað til að bera saman kaupmátt launa eða annarra tekna milli landa. Reiknað er út hvað karfa tiltekins varnings og þjónustu kostar í hverju landi og síðan hvert gengi landsmynta þyrfti að vera til að karfan kostaði í reynd það sama í öllum löndunum. Þetta gengi er síðan notað við samanburð á kaupmætti.

²GINI-stuðull liggur á milli talnanna 0 og 1. Því lægri sem hann er þeim mun jafnari eru tekjurnar. Ef stuðullinn er 0 eru allir með sömu tekjur. Ef hann er 1 fær einn viðtakandi allar tekjurnar og hinir ekki neitt.

Tafla 10 sýnir að misskipting er áberandi mest í Bretlandi, minni í Hollandi og Svíþjóð en minnst og áþekkt í Danmörku og Íslandi. Þegar kemur að lífeyrisþegum eru Danmörk, Holland og Ísland með litla og mjög áþekka tekjudreifingu, en Svíþjóð og Bretlandi eru með meiri misskiptingu, þó minni en meðal fólks á vinnumarkaði.

Ætla má, samkvæmt töflu 10, að lífeyriskerfin hafi veruleg áhrif til að jafna kjörin. Athyglisvert er að verulega dregur úr misskiptingu í Hollandi þegar fólk kemst á eftirlaunaaldur.

Mat eftir fátæktarhlutfalli:

OECD birtir svonefnt fátæktarhlutfall sem sýnir hve stórt hlutfall af íbúum eða einstökum aldurshópum er undir fátæktarmörkum sem eru skilgreind sem 50% af miðgildi ráðstöfunartekna eftir skatta og tilfærslur, þ.e. sama tekjuviðmiðs og í GINI-stuðlinum. (Bent skal á að í hagskýrslugerð á Íslandi og víðar er notað herra viðmið fyrir fátæktarmörk, 60% í stað 50% sem OECD notar hér.)

Tafla 11: Fátæktarhlutfall eftir aldurshópum:

Land	Allir íbúar	0-17 ára	18-25 ára	26-40 ára	41-50 ára	51-65 ára	66-75 ára	76 ára og eldri
Bretland	10,4%	9,9%	10,5%	8,3%	8,9%	11,8%	10,9%	17,0%
Danmörk	5,4%	2,7%	21,4%	6,0%	2,7%	2,2%	2,3%	6,2%
Holland	7,9%	10,5%	21,7%	8,3%	5,7%	4,6%	1,8%	2,5%
Ísland	4,6%	5,6%	6,4%	5,5%	4,4%	2,5%	2,0%	4,3%
Svíþjóð	8,9%	8,5%	17,0%	10,4%	6,2%	6,3%	5,2%	11,4%

Heimild OECD

Tafla 11 sýnir að fátækt er minnst á Íslandi og lífeyrisþegar eru betur settir í þessu samhengi hér en flestir aðrir aldurshópar. Holland er þó með enn betri lífskjör aldri í samanburði við aðra aldurshópa.

Ætla má að í tveimur öftustu dálkum töflu 11 komi fram áhrif lífeyriskerfanna á lífskjörin.

Þessar tvær aðferðir til að greina tekjudreifingu og fátækt gefa sterklega til kynna að lífeyriskerfin í Danmörku, Hollandi og Íslandi hafi það m.a. að markmiði að tryggja viðunandi lífskjör og þá sérstaklega almannatryggingaþátturinn. Svo er að sjá að kerfin í Svíþjóð og þó einkum í Bretlandi gangi mun skemmra í þessum eignum, en þá er væntanlega gert ráð fyrir aukinni framfærsluskyldu sveitarfélaganna.

Tekjur lífeyrisþega bornar saman við tekjur allra landsmanna

Hér verður gerður tvenns konar samanburður.

- Annars vegar er lágmarkslífeyrir úr opinbera kerfinu borinn saman við fátæktarmörk og með því sést hver er staða lífeyrisþega sem ekki hafa safnað réttindum með iðgjaldagreiðslum til opinbera kerfisins eða lífeyrissjóða.
- Hins vegar eru tölur frá hagstofum landanna um tekjur fólks á lífeyrisaldri bornar saman við tekjur allra landsmanna. Með því sést staða lífeyrisþega sem hafa safnað réttindum með iðgjöldum.

Í samanburðinum eru notaðar tölur ársins 2016 um lífeyri úr stoðum 0 og 1, þ.e. lágmarkslífeyri opinbera kerfisins. Hins vegar verður að notast við eldri tölur um heildartekjur, ráðstöfunartekjur og þar með einnig fátæktarmörk. Síðan er kaupmáttarstuðli brugðið á niðurstöðurnar og ályktanir dregnar.

Tafla 12: Samanburður á lágmarkstekjum lífeyrisþega og allra landsmanna:

Land	Miðgildi ráðstöfunartekna allra 2013 í landsmynt ¹⁾	50% fátæktarmörk í landsmynt	Lágmarkslífeyrir 2016 á mánuði í landsmynt ²⁾	Frávik lífeyris frá fátæktarmörkum	Virði lífeyris í USD leiðrétt fyrir kaupmætti 2013 (gengi OECD) ¹⁾
Bretland	1.383	692	676	-2%	846
Danmörk	19.209	9.604	12.462	30%	1.468
Holland	1.983	992	1.162	17%	1.290
Ísland	345.399	172.700	212.776	23%	1.433
Svíþjóð	20.790	10.395	7.863	-24%	839

Heimildir: 1) OECD; 2) Vefsíður opinberra stofnana sem fara með lífeyrismál.

Allar tölur fyrir skatt.

Samanburðurinn er að því leyti ónákvæmur að ekki hefur verið leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum í viðkomandi löndum á milli þeirra ára sem notuð eru (2013 og 2016), en myndin sem við blasir er það skýr og í góðu samræmi við fátæktargreininguna hér á undan að unnt er að draga ályktanir af tölunum.

Í Danmörku, Hollandi og á Íslandi er lágmarkslífeyrir opinbera kerfisins vel yfir fátæktarmörkum, en nær því tæplega í Bretlandi og er langt undir fátæktarmörkum í Svíþjóð. Kaupmáttarleiðréttning breytir myndinni ekki mikið. OECD notar almennt Bandaríkjadal (USD) í kaupmáttarleiðréttum samanburði og er þeirri venju fylgt hér.

Hafa ber í huga að í Bretlandi var til skamms tíma algengasta tilhögunin að greiða eftirlaun með ábyrgð vinnuveitenda og því má líta svo á að hugsunin á bak við lífeyriskerfi 1. stoðar hafi einvörðungu verið sú að tryggja framfærslu upp að fátæktarmörkum. Undanfarin ár hefur starfstengdum sjóðum í æ ríkara mæli verið breytt í söfnunarsjóði með skilgreindum iðgjöldum (e. defined contribution – DC) og nýlegar breytingar á opinbera lífeyriskerfinu tóku mið af þessu, auk þess sem vinnuveitendur voru skyldaðir til að stofna aðild starfsmanna að slíkum söfnunarsjóðum (e. automatic enrollment), en starfsmenn geta þó sagt sig úr sjóðunum ef þeir vilja.

Í Svíþjóð er almannatryggingakerfið (stoðir 0 og 1) hryggjarstykkið í skipan ellilífeyrismála. Lágmarkslífeyrir er lágur, en allir á vinnumarkaði safna réttindum (þ.m.t. á tímum atvinnuleysis, foreldraorlofs, námsstyrkja og örorku) því að iðgjöld eru tekin af launum þeirra eða styrkjum/bótum. Því má ætla að þorri landsmanna eigi mun meira en lágmarksréttindi í opinbera kerfinu. Að þessu leyti er margt líkt með réttindaöflun til ellilífeyris í Svíþjóð og á Íslandi nema hvað Svíar reka stærstan hluta kerfisins með gegnumstreymi í 1. stoð en Íslendingar með sjóðsöfnun í 2. stoð.

Tafla 13: Samanburður á ráðstöfunartekjum eldri borgara og allra landsmanna:

Land	Miðgildi ráðstöfunartekna 2013 í landsmynt				Kaupmáttarleið réttar meðaltekjur 2013 í USD		
	Eldri borgarar (66 ára og eldri) ¹⁾	Allir landsmenn ¹⁾	Hlutfall tekna eldri borgara af tekjum allra	Lágmarks-lífeyrir 1. stoðar 2016 í landsmynt ²⁾	Hlutfall lágmarks-lífeyris af tekjum eldri borgara	Eldri borgarar (66 ára og eldri) ¹⁾	Allir landsmenn ¹⁾
Bretland	1.149	1.383	83%	676	59%	1.438	1.731
Danmörk	14.012	19.209	73%	12.462	89%	1.651	2.263
Holland	1.625	1.983	82%	1.162	72%	1.804	2.202
Ísland	289.431	345.399	84%	212.776	74%	1.950	2.327
Svíþjóð	16.531	20.790	80%	7.863	48%	1.764	2.219

Heimildir: 1) OECD; 2) Vefsíður opinberra stofnana sem fara með lífeyrismál.

Allar tölur fyrir skatt.

Samanburður á kaupmáttarleiðrættum ráðstöfunartekjum allra landsmanna sýnir að Danmörk, Holland, Ísland og Svíþjóð voru á svipuðu róli á árinu 2013, en Bretland var með talsvert lægri tekjur. Bilið milli eldri borgara og allra landsmanna er á svipuðu róli í Bretlandi, Íslandi, Hollandi og Svíþjóð en nokkru meira í Danmörku. Þeir eldri borgarar í Bretlandi og Svíþjóð sem fá einungis lágmarkslífeyri búa við mun lakari kjör en almennt gerist meðal eldri borgara í þessum löndum, bilið er töluvert minna í Hollandi og á Íslandi en í Danmörku fer lágmarkslífeyririnn langt með að veita eldri borgurunum sömu kjör og almennt gerist meðal eldri borgara þar í landi

Samkvæmt töflu 13 koma eldri borgarar hvað best út á Íslandi. Kaupmáttarleiðréttar tekjur þeirra eru hæstar, svo og staða þeirra í samanburði við alla landsmenn. Hið opinbera veitir þó heldur hærra lífeyri í Danmörku, en tekjur úr lífeyrissjóðum og aðrar tekjur vega það upp og meira til á Íslandi. Hér ber að hafa í huga að mun hærra hlutfall eldri borgara (66 ára og eldri) er með atvinnutekjur en í hinum löndunum. Tölur OECD greina ekki á milli þeirra sem eru hættir að vinna (lífeyrisþegar) og hinna sem eru ekki byrjaðir að taka lífeyri.

Ef gengið er út frá því markmiði að lífeyrir sé sem hæst yfir fátæktarmörkum og að ráðstöfunartekjur lífeyrisþega séu sem hæst hlutfall af ráðstöfunartekjum allra landsmanna kemur Ísland ágætlega út í samanburðinum við hin löndin fjögur. Þegar töflur 12 og 13 eru skoðaðar í samhengi er Ísland fremst af Norðurlöndunum þremur og stendur mun betur en Bretland og í sumum efnunum betur en Holland.

Bent skal á að í ofangreindum samanburði eru notaðar tölur um alla eldri borgara, en það er sameiginlegt öllum löndunum fimm að yngri lífeyrisþegar eru með hærra tekjur en þeir eldri. Starfstengdu lífeyrissjóðirnir komu yfirleitt til sögunnar fyrir nokkrum áratugum og eldri lífeyrisþegar áunnu sér því lítil eða engin réttindi framan af starfsævinni. Almennt er tekjuþróun yfir starfsævina á þann veg, að atvinnutekjur fara hratt vaxandi fram yfir miðja starfsaldur en fara síðan minnkandi. Þeir sem hófu réttindaöflun seint á starfsævinni öfluðu því enn minni réttinda en ella.

Tafla 14 sýnir heildartekjur eldri borgara sem hlutfall af meðaltekjum allra landsmanna. Hér er ekki eingöngu um lífeyristekjur að ræða, heldur einnig eignatekjur og laun. Skipting eftir uppruna tekna er

einnig sýnd, en tölur frá Bretlandi lágu ekki fyrir. Eins og við er að búast sker Ísland sig úr með hærri launatekjum, enda vinna Íslendingar lengur á efri árum en íbúar hinna landanna.

Tafla 14: Hlutfall heildartekna eldri borgara af heildartekjum allra landsmanna:

<i>Land</i>	<i>Tekjur 66 ára og eldri</i>	<i>Tekjur 66-75 ára</i>	<i>Tekjur 76 ára og eldri</i>	<i>Lífeyrir</i>	<i>Eigna- tekjur</i>	<i>Laun</i>
Bretland	82%	89%	74%	(Tölur ekki tiltækar)		
Danmörk	77%	82%	69%	65%	19%	16%
Holland	87%	99%	78%	83%	7%	10%
Ísland	93%	97%	87%	62%	11%	27%
Svíþjóð	86%	98%	68%	74%	12%	14%

Tölur OECD frá 2014

Kafla 5 Fjármögnun lífeyriskerfa

Í gagnagrunnum OECD er að finna tölur um útgjöld hvers lands til lífeyris sem greiddur er í peningum og unnt er að bera þær saman við tölur OECD um verga landsframleiðslu og heildarlaun.

Tafla 15: Lífeyrisútgjöld úr opinbera kerfinu og eyrnamerkta tekjur ríkisins:

Land (fjármögnun stoða 0+1)	Lífeyris-greiðslur í % af VLF 2013 ¹⁾	Lífeyris-greiðslur í % af heildarlaunum ¹⁾	Iðgjöld af launum sem renna til ríkisins	Nettó-útgjöld ríkisins til lífeyrismála
Bretland (J)	5,0%	9,9%	25,8-27,8%	-15,9-17,9%
Danmörk (Ó, F)	8,0%	15,5%	Trygg.gj. 8,0%	+7,5%
Holland (J)	5,3%	10,7%	17,9%	-7,2%
Ísland (Ó)	2,0%	3,8%	Trygg.gj. 4,0%	-0,2%
Svíþjóð (R)	7,0%	14,6%	16%	+1,4%

Heimildir: 1) OECD

Merkingar í 1.dálki: **Ó**sýnileg iðgjöld (skattar), **F**öst iðgjöld, **J**öfnunariðgjöld, **R**éttindamiðuð iðgjöld

Í töflu 16 kemur skýrt fram að lífeyrisútgjöld hins opinbera eru miklu lægri á Íslandi en í hinum löndunum. Hafa ber þó í huga að hlutfall eldri borgara af heildarmannfjölda er mun lægra á Íslandi, en nánar er fjallað um það í 6. kafla. Athygli vekur að í Bretlandi og í Hollandi innheimtir ríkið iðgjöld langt umfram útgjöld til lífeyrismála og má því líta svo á að iðgjöldin séu að hluta til almennur skattur.

Tafla 16: Samanburður iðgjalda til lífeyrismála:

Land	Iðgjöld af launum til ríkisins	Iðgjöld af launum til sjóða (stoða 1 og 2)	Heildariðgjöld af launum til stoða 0-1-2
Bretland	25,8-27,8%	8%	33,8-35,8%
Danmörk	Launask. 8,0%	13-19%	21,5-27,5%
Holland	17,9%	7,5-9,4%	25,4-27,3%
Ísland	Trygg.gj. 4,0%	15,5%	19,5%
Svíþjóð	16%	7%	23%

Í tilvikum Bretlands og Íslands eru sýnd iðgjöld til stoðar 2 sem stefnt er að.

Heimildir: OECD og vefsíður opinberra stofnana sem fara með lífeyrismál.

Launatengd iðgjöld til lífeyrismála, greidd af launþega og launagreiðanda, eru töluvert lægri á Íslandi en í hinum löndunum.

Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, hefur tekið saman tölur um heildarlífeyrisgreiðslur EES-ríkja úr öllum stoðum. Þar er Ísland annað tveggja ríkja með lágstar greiðslur, hitt er Írland.

Tafla 17: Heildarlífeyrisgreiðslur frá öllum stoðum:

<i>Land</i>	<i>% af VLF</i>
Bretland	10,2%
Danmörk	9,6%
Holland	10,1%
Ísland	5,3%
Svíþjóð	10,2%

Tölur frá 2012-2013. Heimild Eurostat

Samanburðurinn sýnir að á Íslandi eru greiðslurnar rúmur helmingur þess sem gerist í hinum löndunum fjórum. Skýringanna er fyrst og fremst að leita í aldursdreifingu og atvinnuþátttöku. Hlutfallslega færri eru komnir á virkan lífeyristökualdur á Íslandi en í hinum löndunum.

Kafla 6 Aldursdreifing og atvinnuþátttaka

Íslenska lífeyriskerfið kom vel út hvað tekjuhluftöll varðar í samanburði á lífeyrisgreiðslum í köflum 3 og 4, þrátt fyrir að í 5. kafla hafi verið sýnt fram á að lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu og launum á Íslandi renni til greiðslu ellilífeyris en í hinum löndunum. Í þessum kafla er fjallað um lýðfræðilegar upplýsingar úr gagnagrunnum OECD sem skipta máli í þessu sambandi.

Hlutfall eldri borgara (65 ára og eldri) er lægst á Íslandi samkvæmt tölum OECD frá 2013. Íslendingar fara almennt síðar á lífeyri en íbúar hinna landanna og munar miklu hve atvinnuþátttaka aldraðra er meiri og lengri á Íslandi en í hinum löndunum. Útgreiðsla úr báðum hlutum lífeyriskerfisins hefst því að jafnaði síðar hér á landi. Meðalaldur íslensku þjóðarinnar er lægri en hinna þjóðanna og því er lífeyrisbyrði opinbera kerfisins enn mjög lág í samanburði við hinar þjóðirnar.

Tafla 18: Meðalaldur þjóðar og hlutfall aldraðra:

<i>Land</i>	<i>Meðalaldur landsmanna í árum¹⁾</i>	<i>Hlutfall 65 ára og eldri af landsmönnum²⁾</i>	<i>Hlutfall aldraðra af fólki á vinnualdri (15-64 ára)²⁾</i>
Bretland	40,5	17,0%	26,0%
Danmörk	42,0	18,0%	27,9%
Holland	42,5	17,1%	25,9%
Ísland	36,3	13,1%	19,7%
Svíþjóð	41,2	19,9%	31,3%

Tölur frá 1) CIA Factbook 2016 og 2) OECD fyrir árið 2013

Tafla 19: Atvinnuþátttaka eldri borgara:

<i>Land</i>	<i>55-59 ára</i>	<i>60-64 ára</i>	<i>65-69 ára</i>
Bretland	73%	48%	21%
Danmörk	78%	48%	16%
Holland	71%	70%	15%
Ísland	86%	82%	53%
Svíþjóð	82%	66%	21%

Tölur frá OECD fyrir árið 2014

Tafla 20: Samanburður á opinberum og virkum lífeyristökualdri:

Land	Opinber lífeyris-tökualdur 2014	Virkur lífeyristökualdur		Ólifufð meðalævi frá virkum lífeyristökualdri		Framtíðar lífeyristökualdur sem lögfestur hefur verið
		Karlar	Konur	Karlar	Konur	
Bretland	65 (62,5 konur)	64,1	62,4	18,5	22,7	68
Danmörk	65	63,0	60,6	18,3	23,3	67
Holland	65,2	62,9	61,9	19,2	23,5	67
Ísland	67	69,4	68,0	15,3	18,6	67
Svíþjóð	65	65,2	64,2	18,2	21,9	65

Tölur frá OECD fyrir árið 2014

Af ofangreindum tölum má ráða að útgjöld úr opinbera kerfinu hljóti að verða minni á Íslandi en í hinum löndunum, því að færri eru komnir á lífeyrisaldur, taka lífeyris hefst seinna og ólifufð meðalævi frá virkum lífeyristökualdri er styttri.

Ísland sker sig úr hvað virkan lífeyristökualdur varðar. Íslendingar hefja að jafnaði töku lífeyris 1-2 árum eftir að opinberum lífeyristökualdri er náð, en í hinum löndunum fjórum fer fólk að jafnaði á lífeyri nokkru áður en opinberum aldursmörkum er náð. Íslendingar taka því að jafnaði lífeyri í mun færri ár en tíðkast í hinum löndunum.

Í töflu 16 í 5. kafla eru opinber framlög umreiknuð í iðgjöld og þar er Ísland einungis að reiða fram 22-30% af því sem hin löndin gera.

Hagstæð aldursdreifing og mikil atvinnuþátttaka eiga því veigamikinn þátt í að íslenska lífeyriskerfið komi vel út í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að hér séu greidd lægri iðgjöld en víðast hvar annars staðar, eins og nefnt var í inngangi samantektarinnar. Rétt er að taka fram, að í þessari samantekt verður ekki fjallað um áhrif ávöxtunar, þ. á m. vaxtastigs og eignasamsetningar, á getu söfnunarkerfa til greiðslu lífeyris.

Hins vegar sýna tölurnar í köflum 3 og 4 um samanburð á kjörum lífeyrisþega í löndunum fimm, að Ísland leggur áherslu á að beina opinberu útgjöldunum einkum að þeim verst settu og láglaunafólki og er með mun meiri tekjutengingu en hin löndin. Þessi áhersla leiðir til þess að þeir sem eiga góð lífeyrisréttindi í starfstengdu sjóðunum eða hafa umtalsverðar aðrar tekjur fá lítið eða ekkert úr opinbera kerfinu.

Benda má á ákveðna eiginleika starfstengdu sjóðanna (stoðar 2) á Íslandi sem leiða til þess að lífeyrir frá þeim kemur vel út í alþjóðlegum samanburði:

- Lögbundin skylduáðild frá 16 ára aldri fram að 70 ára aldri og eftirfylgni af hálfu skattýfirvalda með því að iðgjöldin séu greidd.
- Skylduáðild nær bæði til launafólks og sjálfstætt starfandi aðila og til þeirra sem vinna hlutastörf jafnt og þeirra sem eru í fullu starfi.
- Lengri starfsævi en í samanburðarlöndum og þar af leiðandi meiri ávinnsla réttinda og lengra ávöxtunarskeið fjármuna.

- Atvinnuleysi hefur lengst af verið lítið samanborið við hin löndin og því er líklega meira um samfellda iðgjaldasögu hér á landi.

Samanburður við önnur kerfi er því líklegur til að sýna annars vegar góða útkomu láglounafólks á Íslandi (opinbera kerfið sér til þess) og hins vegar góða útkomu þeirra sem ávinna sér full réttindi í starfstengdu lífeyrissjóðunum á samfelldri starfsævi hér á landi.

Kaflí 7 Samanburður erlendra fagaðila á lífeyriskerfum

Tvö erlend rannsóknarteymi birta árlega skýrslur með samanburði á lífeyriskerfum nokkurra tuga landa og raða þeim upp eftir einkunnum. Skýrslurnar nefnast **Allianz Pension Sustainability Index** og **Melbourne Mercer Global Pension Index**.

- Eignastýringardeild Allianz gefur út skýrsluna um sjálfbærnisvitölu lífeyriskerfa og tók hún til 54 landa á árinu 2016.
- Rannsóknarsetur við Monash viðskiptaháskólann í Melbourne gefur út skýrsluna um heimsvísitölu lífeyriskerfa í samvinnu við Mercer ráðgjafafyrirtækið og tók hún til 27 landa á árinu 2016.

Ísland er ekki í hópi samanburðarlanda í skýrslunum tveimur.

Hér á eftir fer stutt lýsing á aðferðafræði og einkunnagjöf þessara skýrslna og leitast verður við að meta hvernig Ísland kæmi út í þeim samanburði.

Melbourne Mercer heimsvísitala lífeyriskerfa er vegið meðaltal einkunna fyrir þrjá undirþætti: Nægjanleika (40%), sjálfbærni (35%) og traust (25%).

Tafla 21: Flokkun og vægi undirþátta í heimsvísitölu Melbourne Mercer:

Nægjanleiki (Adequacy)	Sjálfbærni (Sustainability)	Traust (Integrity)
40%	35%	25%
Réttindi	Þátttaka	Regluverk
Sjóðsöfnun	Heildareignir	Stjórnun
Skattahagræði	Iðgjöld	Verndun
Hönnun kerfis	Lýðfræði	Upplýsingamiðlun
Vaxtareignir	Ríkisskuldir	Kostnaður

Af umfjöllun skýrslunnar um styrkleika og veikleika í hverjum þessara þátta má ráða að Ísland myndi fá háa einkunn í þeim öllum og líklega ná inn í eitt af efstu sætunum eða a.m.k. topp 10 af 27 löndum..

Styrk íslenska kerfisins má lýsa þannig:

- Réttindaöflun telst nægileg, þar eð lífeyrishlutfall af meðaltekjum kom vel út í samanburði í fyrrgreindri OECD-skýrslu um nægjanleika lífeyris frá árinu 2014.
- Sjóðsöfnun er viðhöfð að mestu leyti í stað gegnumstreymis.
- Lífeyrissparnaður nýtur skattahagræðis.
- Kerfið er í heildina skynsamlega hannað til að mæta frávikum.
- Skylduaðild leiðir til mjög mikillar þátttöku
- Heildareignir sem hlutfall af landsframleiðslu eru með því mesta sem þekkist.
- Hækkandi iðgjöld styrkja kerfið
- Lýðfræðileg einkenni þjóðarinnar eru hagstæð,
- Ríkisskuldir eru lágar.
- Lagaumgjörð og skipulag stjórnunar og eftirlits er í föstum skorðum, svo og upplýsingamiðlun.

- Kostnaður er lágur á alþjóðlegan mælikvarða, m.a. eftir miklar sameiningar sjóða og samrekstur þjónustuþátta.

Sá þáttur sem mögulega gætu dregið einkunnina niður er:

- Verndun: Þessi liður metur hættuna á að sjóðfélagar fái ekki þann lífeyri sem þeir gera nú ráð fyrir. Lagaákvæði um skerðingu vegna tryggingarfræðilegrar stöðu koma þar til álita. Einnig má gera ráð fyrir að hin mikla tekjutenging í almannatryggingakerfinu dragi einkunnina niður.

Allianz sjálfbærnivísitala lífeyriskerfa er vegið meðaltal undirþátta sem skiptast í þrjá flokka og fær núverandi staða 75% stuðul en fyrirséðar breytingar 25%.

Tafla 22: Flokkun og vægi undirþátta í vísitölu Allianz:

<i>Undirþáttur</i>	<i>Núverandi staða (75%)</i>	<i>Fyrirséðar breytingar (25%)</i>
Lýðfræði	Hlutfall aldraðra	Breytingar á hlutfalli til 2050
Lífeyriskerfi	Lífeyrishlutfall almannatrygginga (stoðir 0 og 1) og hve hátt hlutfall vinnandi fólks nýtur lífeyris	Breytingar á lífeyrishlutfalli
	Opinber og raunverulegur lífeyristökualdur	Umbætur sem komnar eru í lög
Opinber fjármál	Styrkur lífeyriseigna sem hlutfall af landsframleiðslu	Breytingar á hlutfalli lífeyris af landsframleiðslu til 2050
	Hlutfall lífeyris af landsframleiðslu	
	Hlutfall ríkisskulda af landsframleiðslu	
	Þörf á félagslegri aðstoð	

Af umfjöllun skýrslunnar um styrkleika og veikleika í hverjum þessara þátta má ráða að Ísland myndi fá háa einkunn í öllum þáttunum og líklega ná inn í eitt af efstu sætunum eða a.m.k. topp 10 af 54 löndum.

Styrk íslenska kerfisins má lýsa þannig:

- Hlutfall aldraðra er lágt (en fer þó hækkandi og nálgast ýmis samanburðarríki um 2050).
- Grunnfjárhæð ellilífeyris almannatrygginga fer hækkandi og löggjöfin hefur nýlega verið endurskoðuð.
- Opinber lífeyristökualdur er með því hæsta sem gerist og raunverulegur lífeyristökualdur enn hærri.
- Uppsafnaðar eignir lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar eru miklar.
- Hlutfall lífeyrisgreiðslna hins opinbera af landsframleiðslu er með því lægsta sem gerist og hækkar hægt.
- Ríkisskuldir eru lágir og fara lækkandi.
- Þörf á félagslegri aðstoð er hófleg, enda atvinnuástand mjög gott í alþjóðlegum samanburði.

Ekki er að sjá að veikleikar myndu lækka einkunnina mikið. Það er helst að mikil tekjutenging almanna-trygginga gæti talist veikleiki og e.t.v. einnig hve ört hlutfall aldraðra hækkar á komandi áratugum.

Tafla 23: Útkoma samanburðarlandanna fjögurra (einkunnir í sviga)

<i>Mercer (27 lönd)</i>	<i>Allianz (54 lönd)</i>
1. Danmörk (80,5)	2. Danmörk (7,93)
2. Holland (80,1)	3. Svíþjóð (7,81)
5. Svíþjóð (71,4)	4. Holland (7,75)
11. Bretland (60,1)	11. Bretland (7,20)

Niðurstaða

Mælikvarðarnir sem þessi þekktu rannsóknateymi leggja á gæði lífeyriskerfa benda til þess að Ísland standi mjög framarlega í þessum eignum. Æskilegt væri að stuðla að því að stofnanirnar tækju Ísland inn í útreikninga sína, en smæð landsins kann að torvelda það. Mercer reiðir sig að hluta á greiningu starfsmanna sinna í viðkomandi landi, en er ekki með starfsstöð á Íslandi.

Viðaukar

Heimildir

Lýsingar á lífeyriskerfum landanna fimm

Samanburðartafla fyrir opinberu lífeyriskerfin (stoðir 0 og 1)

Samanburðartafla fyrir starfstengda lífeyrissjóði (stoð 2)

Heimildir

Kafli 1:

Alþjóðabankinn: „Averting the Old Age Crisis“ -

<http://documents.worldbank.org/curated/en/973571468174557899/pdf/multi-page.pdf>

Holzmann og Hinz: „Old Age Income Support in the 21st Century“ -

<https://openknowledge.worldbank.org/bitstream/handle/10986/7336/32672.pdf?sequence=1&isAllowed=y>

Alþjóðabankinn: „The World Bank Pension Conceptual Framework“ -

http://siteresources.worldbank.org/INTPENSIONS/Resources/395443-1121194657824/PRPNoteConcept_Sept2008.pdf

Queisser, Whitehouse og Whiteford: „The public-private mix in OECD countries“ -

<http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.555.8417&rep=rep1&type=pdf>

Kafli 2:

Tafla 3: OECD Factbook 2015-2016 - http://www.oecd-ilibrary.org/economics/oecd-factbook-2015-2016_factbook-2015-en

ESB um þriggja stoða kerfi: White paper on pensions 2012 -

<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=1194&furtherNews=yes>

OECD um stefnu í lífeyrismálum (pension policy recommendations) í Pensions Outlook 2016 -

<http://www.oecd.org/pensions/Highlights-2016-Pensions-Outlook.pdf>

Tafla 4: OECD Pension Markets in Focus 2016 - <https://www.oecd.org/daf/fin/private-pensions/Pension-Markets-in-Focus-2016.pdf>

Skattlagning iðgjalda, ávöxtunar og lífeyris:

OECD-skýrsla: Stocktaking of the Tax Treatment of Funded Private Pension Plans in OECD and EU Countries -

<http://www.egm.org.tr/makaleler/Stocktaking%20Of%20The%20Tax%20Treatment%20Of%20Funded%20Private%20Pension%20Plans%20in%20OECD%20and%20EU%20Countries,%202015.pdf>

OECD-viðauki: OECD and EU Country Profiles - <http://www.oecd.org/daf/fin/private-pensions/tax-treatment-pension-plans-country-profiles.pdf>

Kafli 3:

OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

<http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Kafli 4:

Töflur 10-13 um GINI, fátækt, ráðstöfunartekjur - gagnasafn OECD:

<http://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=IDD>

Tafla 14: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

<http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Kafli 5:

Tafla 15: OECD gagnagrunnur um útgjöld til félagsmála – OECD Social Expenditure Database - <https://www.oecd.org/social/expenditure.htm> og OECD-skýrsla um þjóðarútgjöld - http://www.oecd-ilibrary.org/economics/national-accounts-of-oecd-countries_2221433x

Tafla 16: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Upplýsingasíður landanna um lífeyrismál:

Bretland: <https://www.gov.uk/new-state-pension> og <http://www.pensionspolicyinstitute.org.uk/pension-facts/pensions-primer-a-guide-to-the-uk-pensions-system>

Danmörk: <https://www.borger.dk/pension-og-efterloen/Pensionssystemet-i-Danmark/Om-pension> og <http://www.forsikringogpension.dk/Sider/forside.aspx>

Holland: <https://www.svb.nl/int/en/aow/> og http://telegraafpensioenfonds.nl/fileadmin/user_upload/PDF/TheDutchPensionSystem.pdf

Ísland: <http://www.tr.is/> og <https://www.ll.is/is>

Svíþjóð: <https://www.pensionsmyndigheten.se/> og <http://www.dn.se/ekonomi/pensionskolan/sa-fungerar-din-pension/>

Tafla 17: Eurostat gagnagrunnur um lífeyrisútgjöld - http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/Social_protection_statistics_-_pension_expenditure_and_pension_beneficiaries

Kafli 6:

Tafla 18: CIA factbook og OECD - <https://data.oecd.org/pop/population.htm>

Tafla 19: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Tafla 20: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Kafli 7:

Melbourne Mercer Global Pension Index 2016 - <https://www.mercer.com/content/dam/mercer/attachments/global/Retirement/gl-2016-mmmpi-impact-ageing-populations-full-report.pdf>

Allianz Pension Sustainability Index 2016 - http://projectm-online.com/app/uploads/Allianz_2016_Pension_Sustainability_Index.pdf

Bretland

Almenn flokkun	I. stoð: Iðgjaldakerfi II. stoð: Sjálfstæðir, starfstengdir sjóðir (SR eða SI) III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður
-----------------------	---

I. stoð: Almennatryggingar.

Tegundir lífeyris	Iðgjaldakerfi = Basic State Pension – skammstafað hér BSP: Verulegar breytingar á BSP tóku gildi 6. apríl 2016. Hér er lýst einkennum eftir breytingarnar, en eldri viðmið eru innan sviga þar sem við á. Þeir sem áunnu sér betri réttindi samkvæmt eldra kerfi halda þeim óbreyttum. Grunnlífeyrir (Basic State Pension) – frá aldursmörkum sem í apríl 2016 eru 65 ár hjá körlum en rúm 63 ár hjá konum (voru 60 ár hjá konum til 2010). Aldursmörkin hækka í áföngum – jöfnun aldursmarka kynjanna verður náð í nóv. 2018 og síðan hækka mörkin í áföngum og verða orðin 67 ár í apríl 2028 og 68 ár í apríl 2046. Frestunarhækkun er 1% fyrir hverjar 9 vikur (voru 5).
Ávinnsla réttinda	Fullur réttur til BSP grunnlífeyris og uppbóta næst við 35 ára (áður 30) atvinnuþátttöku með skattgreiðslum til National Insurance (NI). Hlutfallslegur réttur stofnast eftir 10 ára skattgreiðslur (var 1 ár). Almennatryggingar (social security) veita örorku- og eftirlífendalífeyri.
Iðgjöld	BSP: Greiddur er NI-skattur af launum á starfsævi, þó ekki eftir að lífeyristökualdri er náð. Launþegar greiða 12% af fjárhæðum á bilinu 672-3.583 GBP á mánuði, en 2% af fjárhæðum umfram það. Launagreiðendur greiða 13,8% af öllum launum umfram 676 GBP á mánuði.
Fjármögnun	BSP: Fjármagn til almennatrygginga kemur af skattfé og er um samtímagreiðslur að ræða. Engum sjóðum er safnað til að mæta greiðsluskyldu framtíðar. Fjárhæð BSP hækkar 6. apríl ár hvert um 2,5% að lágmarki, en þó aldrei minna en hækkun meðallauna landsmanna eða vísitölu neysluverðs.

II. stoð: Starfstengdur eða sjálfstæður lífeyrissparnaður sem unnt er að segja sig frá.

Tegundir lífeyris	Ellilífeyrir – frá opinberum lífeyristökualdri. Skv. lögum er flýting frá 55 ára aldri heimil (57 ára frá 2028) en háð skilmálum hvers sparnaðarforms. Frestun er einnig háð samþykktum. Útgreiðslutilhögun er valkvæð að hluta: Inneign í sjóðum með skilgreind iðgjöld (DC) má taka út í heilu lagi frá 55 ára aldri, þar af fjórðung sem skattfrjálsa eingreiðslu.. Algengt er að nota uppsafnaðan sjóð til að kaupa samninga um ævilangan lífeyri (annúitet) á markaði eða setja það í sjóði, einn eða fleiri, sem greiða lífeyri út samkvæmt samkomulagi innan þess ramma sem ávöxtun setur.
--------------------------	--

	Áfallatryggingar – örorku-, maka- og barnalífeyrir – eru ekki hluti af lífeyrissparnaði, en elilífeyrisréttur getur erfst, háð samþykktum og vali sjóðfélagans.
Ávinnsla réttinda	<p><u>Skilgreind réttindi (SR/DB):</u> Yfirleitt hjá opinberum aðilum og stórfyrirtækjum. Þessi tilhögun er á undanhaldi og víða lokuð nýjum starfsmönnum.</p> <p><u>Skilgreind iðgjöld (SI/DC):</u> Yfirleitt hjá smærri fyrirtækjum eða „frjálsum“ sjóðum. Eign ræðst fyrst og fremst af ávöxtun eigna, en vörsluaðili sparnaðar getur gefið bindandi eða skilyrt loforð um lágmarksávöxtun inngreiðslna á tilteknu tímabili.</p>
Iðgjöld	Launþegar og launagreiðendur greiða að lágmarki iðgjöld sem tiltekin eru í kjara- eða ráðningarsamningum. Nýleg lög um skyldu til að greiða í lífeyrissjóð (automatic enrollment) fela í sér að iðgjöld fara að lágmarki í 8% frá 2019, þar af er hlutur launagreiðanda 3% og hlutur launþega 5% (í reynd 4% þar sem mótframlag ríkisins í formi skattalækkunar er 1%). Nýleg greining sýnir að 2013 voru meðaliðgjöld í SR-sjóði samtals 20,6% (hlutur launþega yfirleitt um fjórðungur) og í SI-sjóði um 9,1% (hlutur launþega yfirleitt um þriðjungur). Skattaleg meðferð iðgjalda er breytileg eftir eðli lífeyrisréttinda. Þak er á skattfrelsi iðgjalda, breytilegt eftir eðli réttinda. Lífeyrir er skattfrjáls upp að vissu marki og er þar m.a. tekið mið af skattfrelsi greiddra iðgjalda.
Fjármögnun	Fjármagn kemur annars vegar frá iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlögum launagreiðenda og hins vegar af ávöxtun eigna.

III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður

Að mestu sömu meginreglur og í II. stoð, en undantekningarnar eru þessar:

- Ávinnsla réttinda er einungis í formi skilgreindra iðgjalda.
- Engin lágmarksiðgjöld eru.
- Iðgjald er greitt af launum eftir skatt, en ríkið endurgreiðir skattinn til vörsluáðilans.

Danmörk

Almenn flokkun	I. stoð: Grunnlífeyrir og iðgjaldakerfi II. stoð: Sjálfstæðir, starfstengdir sjóðir (allir SI) III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður
-----------------------	---

I. stoð: Almannatryggingar.

Tegundir lífeyris	<p>Grunnlífeyrir = Folkepension – skammstafað hér FP:</p> <p>Grunnlífeyrir (grundbeløb/basic pension) – frá 65 ára aldri (frestunarhækkun fram að 75 ára aldri er bundin skilyrðum um atvinnuþátttöku – að lágmarki 750 stundir á ári). Lífeyristökualdur hækkar um 6 mánuði á ári frá 2024 og verður 67 ár 2027. Snemmtaka er möguleg að tilteknum skilyrðum uppfylltum, m.a. um greiðslu sérstakra iðgjalda. Þeir sem fæddir eru 1955 eða fyrr geta að þessum skilyrðum uppfylltum farið á eftirlaun 60 ára og snemmtökualdurinn hækkar í þrepum að 64 ára aldri fyrir þá sem eru fæddir 1978 eða síðar. Skerðist ef launatekjur fara umfram frítekjumark.</p> <p>Lífeyrisauki (pensionstillæg/pension allowance) – frá 65 ára aldri – lækkar ef lífeyrisþegi er í sambúð. Allar tekjur valda skerðingu.</p> <p>Sérstakar uppbætur (tillæg og ældrecheck/supplementary benefit) fyrir þá sem hafa litlar tekjur eða eiga litla lausafjármuni), s.s. vegna heilbrigðiskostnaðar, húsnæði og húshitunarkostnaðar.</p> <p>Iðgjaldakerfi = Arbejdsmarkedets Tillægspension - skammstafað hér ATP:</p> <p>Skylduaðild launþega (sem vinna meira en 9 stundir á viku) að viðbótarsparnaði (ATP). Flestir bótaþegar eru einnig þátttakendur. Lífeyrir er greiddur frá 65 ára aldri (frestunarhækkun fram að 75 ára aldri). Lífeyristökualdur hækkar einnig í 67 ár árið 2027.</p> <p>ATP: Veitir einnig örorku- og eftirlífendalífeyri við fráfall, samkvæmt nánari reglum.</p>
Ávinnsla réttinda	<p>Fjárhæðir FP lífeyris eru búsetu- og tekjutengdar og í sumum tilvikum einnig eignatengdar. Sérstakar uppbætur eru afkomutengdar (vurðing af samlede økonomiske forhold/means-tested).</p> <p>Fullur réttur til FP grunnlífeyris og uppbóta næst við 40 ára búsetu. Hlutfallslegur réttur stofnast eftir 3ja ára búsetu (10 ár fyrir erlenda ríkisborgara).</p> <p>ATP réttur ávinnt í hlutfalli við vinnustundafjölda. Lífeyrir ræðst af markaðsávöxtun og hámark er 23.900 DKK á árinu 2016.</p>
Iðgjöld	<p>FP: Hvorki eru greidd iðgjöld né gerð krafa um skattgreiðslur á starfsævi.</p> <p>ATP: Lögbundið er að greiða iðgjöld ef vinnustundir eru 9 eða fleiri á viku, en sjálfstætt starfandi eiga val um aðild. Hámarksíðgjöld eru nú 284 DKK á mánuði fyrir fullt starf og nema um 1% af meðallaunum. Launþegi greiðir þriðjung og launagreiðandi greiðir tvo þriðju (ríkið greiðir 2/3 fyrir bótaþega).</p>

Fjármögnun	<p>FP: Fjármagn til almannatrygginga kemur af skattfé og er um samtímagreiðslur að ræða. Engum sjóðum er safnað til að mæta greiðsluskyldu framtíðar.</p> <p>ATP: Kerfið byggir á fullri sjóðsöfnun. ATP er sjálfseignarstofnun og stjórnin er skipuð fulltrúum vinnumarkaðarins. ATP lýtur eftirliti fjármálaeftirlitsins sem grípur inn í ef við á, en ber jafnframt að tilkynna atvinnumálaráðherra um málið. Má því líta svo á að ríkið telji sig bera ábyrgð á að gripið verði til aðgerða.</p>
-------------------	--

II. stoð: Starfstengdur lífeyrissparnaður með skylduaðild á grundvelli kjarasamninga.

Tegundir lífeyris	<p>Ellilífeyrir – frá 65 ára aldri (flýting frá 60 ára aldri og frestun fram að 75 ára aldri heimil). Útgreiðslutilhögun er valkvæð (ein-, tímabundnar eða ævilangar greiðslur) og eru í meginatriðum þrjár flokkar ellilífeyrisréttinda:</p> <p>Aldersopsparing - eingreiðsla eða hlutagreiðslur; ratepension eller ophørende livrente – jafngreiðslulífeyrir (10-25 ára útgreiðslutímabil) og livsvarig livrente – ævilangur lífeyrir. (Kapitalpension – eingreiðslulífeyrir - tekur ekki við iðgjöldum eftir 2013)</p> <p>Valkvæðar áfallatryggingar – örorku-, maka- og barnalífeyrir.</p>
Ávinnsla réttinda	<p><u>Skilgreind iðgjöld:</u> Allir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði eru með þessa reglu. Eign ræðst fyrst og fremst af ávöxtun eigna, en vörsluaðili sparnaðar getur gefið bindandi eða skilyrt loforð um lágmarksávöxtun inngreiðslna á tilteknu tímabili.</p> <p>Iðgjöld skiptast almennt þannig að launþegi greiðir 1/3 hluta og launagreiðandi 2/3 hluta. Heildariðgjald hefur farið hækkandi sem prósentu af launum og er gjarnan á bilinu 12-18%.</p>
Iðgjöld	<p>Launþegar og launagreiðendur greiða að lágmarki iðgjöld sem tiltekin eru í kjarasamningum. Skattaleg meðferð iðgjalda er breytileg eftir eðli lífeyrisréttinda. Þak er á skattfrelsi iðgjalda, breytilegt eftir eðli réttinda.</p>
Fjármögnun	<p>Fjármagn kemur annars vegar frá iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlögum launagreiðenda og hins vegar af ávöxtun eigna.</p>

III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður

Í meginatriðum gildir sama lýsing og um lífeyrissparnað í II. stoð, en með þessum undantekningum:

- Einstaklingur/launþegi greiðir iðgjöld, en engin mótframlög eru frá vinnuveitanda.
- Ekkert lágmark er á iðgjöldum, en hámark er á skattfrádrætti vegna iðgjaldanna.

Athugasemdir:

Lífeyrissjóðir í 2. stoð eru reknir sem tryggingafélög og falla undir svonefnda „Solvency“-tilskipun ESB.

Holland

Almenn flokkun	I. stoð: Grunnlífeyrir II. stoð: Sjálfstæðir, starfstengdir sjóðir (einkum SSI) III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður
-----------------------	--

I. stoð: Almennatryggingar.

Tegundir lífeyris	Grunnlífeyrir = State pension/Algemene ouderdomswet – skammstafað AOW: Grunnlífeyrir (basic pension) – frá 65 ára og 6 mánaða aldri (jan. 2015). Lífeyristökualdur var lengi 65 ár, en hækkar nú í áföngum og verður a.m.k. 67 ár frá 2022, en frá þeim tíma verður hann miðaður við meðalævilengd. Sérstakar uppbætur (supplementary national assistance) eru greiddar þeim sem eiga minni rétt vegna búsetuofs, svo og mökum/sambúðarmökum undir gildandi lífeyristökualdri sem hafa lágar tekjur. Þannig eiga allir að ná sama grunnlífeyrinum, óháð búsetu eða atvinnusögu.
Ávinnsla réttinda	Fjárhæðir AOW lífeyris eru búsetutengdar. Fullur réttur til AOW grunnlífeyris og uppbóta næst við 50 ára búsetu. Hlutfallslegur réttur er 2% fyrir hvert búsetuár frá 15 ára aldri til lífeyristökualdurs. Lög um félagslega aðstoð kveða á um lágmarkstekjur (heldur lægri en grunnlífeyrir) frá almennatryggingakerfinu, ef aðrar tekjur eru ekki til staðar.
Iðgjöld	AOW: Greidd eru iðgjöld af launum (innheimt með sköttum). Launþegi greiðir 17,9% (lög heimila að hámarki 18.25%). Hið opinbera rekur fleiri tryggingar. Launþegi greiðir iðgjald af eftirlífenda-tryggingu, ef við á, en vinnuveitandi greiðir iðgjald af örorkulífeyristryggingu.
Fjármögnun	AOW: Fjármagn til almennatrygginga kemur af iðgjöldum (samtímagreiðslum – Pay-as-you-go). Iðgjöld standa um sinn undir útgjöldum kerfisins, en þegar fram í sækir og aldurssamsetning breytist verður að bæta fé við af almennum sköttum. Engum sjóðum er safnað til að mæta greiðsluskyldu framtíðar.

II. stoð: Starfstengdur lífeyrissparnaður með skylduaðild á grundvelli kjarasamninga.

Tegundir lífeyris	Ellilífeyrir – frá gildandi almennum lífeyristökualdri (flýting og frestun heimil). Oftast fylgja áfallatryggingar – örorku-, maka- og barnalífeyrir.
Ávinnsla réttinda	<u>Skilgreind réttindi (DB):</u> Lífeyrir er hlutfall af meðalævilaunum, en í fáum sjóðum hlutfall af lokalaunum. Lengi voru sjóðir almennt með SR og viðmiðun við lokalaun, en árið 2003 færðust flestir yfir í samtryggð SI. <u>Skilgreind iðgjöld (DC):</u> Lífeyrir ræðst fyrst og fremst af ávöxtun eigna. Skylt er að kaupa annúttet fyrir höfuðstólinn við starfslok. <u>Samtryggð skilgreind iðgjöld - SSI (Collective DC):</u> Lífeyrir ræðst fyrst og fremst af ávöxtun eigna, en vörsluaðili sparnaðar gefur skilyrt loforð um réttindi og verðtryggingu þeirra. Bróðurpartur lífeyrissjóða er með þessa reglu.

Iðgjöld	Iðgjöld eru greidd af iðgjaldastofni sem er sá hluti launanna sem er umfram opinber viðmið um AOW-frádrátt (breytileg eftir eðli lífeyrissparnaðar – liggja yfirleitt á bilinu 13.000-14.000 EUR á ári). Iðgjöld eru tiltekin í kjara- eða ráðningarsamningum. Algengast er að iðgjaldið skiptist þannig að launþegar greiði 30% hlut og launagreiðendur 70% hlut. Algengt heildariðgjald er 20%. Iðgjald launþega liggur oftast á bilinu 4%-7% af iðgjaldastofni og fer ekki hærra en 8%. Laun umfram rúmar 100.000 EUR á ári teljast ekki hluti af iðgjaldastofni. Skattaleg meðferð iðgjalda er breytileg eftir eðli lífeyrisréttinda. Sem dæmi má taka að þak er á frádráttarbærni iðgjalda í SSI-sjóði sem miðast við réttindaávinnslu að hámarki 1,875% af launum á árinu 2016.
Fjármögnun	Fjármagn kemur annars vegar frá iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlögum launagreiðenda og hins vegar af ávöxtun eigna.

III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður

Í meginatriðum gildir sama lýsing og um lífeyrissparnað í II. stoð, en með þessum undantekningum:

- Einstaklingur/launþegi greiðir iðgjöld, en engin mótframlög eru frá vinnuveitanda.
- Ekkert lágmark er á iðgjöldum, en hámark er á skattfrádrætti vegna iðgjaldanna.
- Kaupa þarf annúfret fyrir höfuðstólinn við upphaf lífeyristöku.

Athugasemdir:

Útreikningur á iðgjöldum í samtryggingarsjóði (2. stoð) getur sýnst flókinn, samanborið við íslenska kerfið. Einn af stærstu lífeyrissjóðum Hollands (PFZW) sýnir eftirfarandi dæmi á vefsíðunni:

„Gerum ráð fyrir að laun þín séu € 25.000 á ári. Opinberi hlutinn* er € 15.000. $€ 25.000 - € 15.000 = € 10.000$. Þú ávinnur þér á því ári 1.75% lífeyri af € 10,000. Það verða € 175 fyrir það ár. Árlegur ellilífeyrir þinn verður samtala allra áranna, auk verðbóta.“

*Með opinbera hlutanum er átt við fjárhæð sem samsvarar þeim lífeyri úr opinbera kerfinu sem launþeginn getur vænst þegar þar að kemur.

Sjóðurinn gefur jafnframt upp að iðgjald sé 23,5%. Algengast er að launþegi greiði 30% og vinnuveitandi 70% af iðgjaldinu. Heildariðgjöld af € 25.000 verða því 27,3%. Þar af greiðir launþegi 17,9% í almannatryggingahlutann og 2,82% í samtryggingarhlutann, samtals 20,72%. Hluttur launagreiðandans sem rennur eingöngu í samtryggingu er 6,58%.

Sambærilegar tölur fyrir ABP, stærsta lífeyrissjóðs Hollands, sem tekur 18,8% iðgjald, verða þá: Heildarhluttur launþegans 20,156% og launagreiðandans 5,264%, samtals 25,42%.

Þriðji stærsti sjóðurinn tekur 23,5% iðgjald, sá fjórði stærsti tekur 20,2% iðgjald og sá fimmti stærsti 23,2%. Ofangreind iðgjöld eru fyrir árið 2016 og geta breyst milli ára.

Hafa ber í huga að bæði í almannatryggingum og samtryggingarsjóðum er iðgjöldum haldið aðskildum fyrir tryggingaþættina. Sem dæmi má nefna að hjá ABP er iðgjald fyrir eftirlífendatryggingu 0,3% (af € 10.000 í dæminu hér fyrir ofan) og greiðir launþegi 0,09% en launagreiðandi 0,21%. Að auki greiðir launþegi 1,25% iðgjald í eftirlífendatryggingu hins opinbera. Örorkutrygging er hluti af almanna-tryggingakerfinu og þar greiðir vinnuveitandi iðgjald á bilinu 8-9%, mishátt eftir starfsgreinum. Sumir sjóðir bjóða viðbótartryggingu vegna langvinnrar örorku. Loks skal tekið fram að launþegar greiða sérstakt iðgjald fyrir sjúkratryggingar almannatryggingakerfisins.

Ísland

Almenn flokkun	I. stoð: Markmiðskerfi II. stoð: Sjálfstæðir, starfstengdir sjóðir (SR eða SI) III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður
-----------------------	---

I. stoð: Almannatryggingar.

Tegundir lífeyris	<p>Markmiðskerfi – frá 67 ára aldri (að auki heimilisuppbót fyrir þá sem búa einir).</p> <p>Ellilífeyrir greiðist frá 67 ára aldri, en flýta má töku frá 65 ára aldri (lægri lífeyrir) og fresta má töku allt til 80 ára aldurs (hærri lífeyrir). Einnig er heimilt að taka helming lífeyris og vera áfram í hlutastarfi.</p> <p>Þeir sem búa einir geta einnig fengið heimilisuppbót.</p> <p>Örorkulífeyrir og eftirlífendalífeyrir er einnig greiddur af almannatryggingum.</p> <p>Skilyrði fyrir töku ellilífeyris er að taka lífeyris úr samtryggingarsjóðum 2. stoðar sé hafin eða hefjist samtímis.</p>
Ávinnsla réttinda	<p>Fjárhæðir lífeyris eru búsetu- og tekjutengdar.</p> <p>Fullur réttur til grunnlífeyris og uppbóta næst við 40 ára búsetu. Hlutfallslegur réttur stofnast eftir 3ja ára búsetu.</p> <p>Lög um almannatryggingar kveða á um lágmarkslífeyri, ef aðrar tekjur eru ekki til staðar. Lífeyrir skerðist um 45% af öllum öðrum tekjum (lífeyri, launum og fjármagnstekjum), en þó er frítekjumark 25 þús kr. á mánuði.</p>
Iðgjöld	Hvorki eru greidd iðgjöld né gerð krafa um skattgreiðslur á starfsævi.
Fjármögnun	Fjármagn til almannatrygginga kemur af skattfé og er um samtímagreiðslur að ræða. Engum sjóðum er safnað til að mæta greiðsluskyldu framtíðar.

II. stoð: Starfstengdir lífeyrissjóðir með skylduaðild.

Tegundir lífeyris	<p>Ellilífeyrir – frá 67 ára aldri á almennum markaði, en frá 65 ára aldri hjá opinberum starfsmönnum (flýting frá 60 ára aldri og frestun fram að 75 ára aldri heimil, mismunandi eftir sjóðum).</p> <p>Áfallatryggingar – örorku-, maka- og barnalífeyrir. Ellilífeyrisréttindi erfast ekki.</p>
--------------------------	--

<p>Ávinnsla réttinda</p>	<p><u>Skilgreind réttindi:</u> Eldri deildir (B-deildir) lífeyrissjóða opinberra starfsmanna eru með eftirmannsreglu, þ.e. lífeyrir er hlutfall af launum eftirmanns í starfi. Hlutfall hvers lífeyrisþega ræðst af ávinnslureglum.</p> <p><u>Skilgreind iðgjöld:</u> Nýrri deildir (A-deildir) lífeyrissjóða opinberra starfsmanna og allir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði eru með þessa reglu. Lagaákvæði um lágmarksiðgjöld, lágmarksávinnslu og verðtryggingu gera það að verkum, að líta má svo á að þessir lífeyrissjóðir falli undir skilgreininguna Samtryggð, skilgreind iðgjöld (Collective Defined Contribution)</p> <p>Réttindaávinnsla er aldurstengd í flestum sjóðum, hæst fyrst en lækkar síðan, en jöfn í sjóðum opinberra starfsmanna. Lög kveða á um lágmarksávinnslu sem jafngildir 1,4% á ári yfir 40 ára tímabil. Kjarasamningar opinberra starfsmanna kveða á um 1,9% meðalávinnslu. Nokkrar stéttir eru með aðrar ávinnslureglur, betri en lágmark laganna. Lög kveða einnig á um umreikningsaðferð áunninna réttinda til lífeyris (valorisation).</p> <p>Lífeyrir er verðtryggður samkvæmt lögum, en verður þó að skerðast, ef tryggingafræðileg staða fer undir lögbundið lágmark.</p>
<p>Iðgjöld</p>	<p>Launþegar og launagreiðendur greiða að lágmarki iðgjöld sem tiltekin eru í lögum (12%), en greiðslur geta verið hærri á grundvelli kjara- eða ráðningarsamninga. Iðgjöld og mótframlög eru frádráttarbær frá skattstofni.</p>
<p>Fjármögnun</p>	<p>Fjármagn kemur annars vegar frá iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlögum launagreiðenda og hins vegar af ávöxtun eigna. Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna eru með ábyrgð launagreiðenda, þannig að mótframlög þeirra bæta upp það sem kann að vanta á í ávöxtun</p>

III. stoð: Valfrjáls séreignarsparnaður.

<p>Tegundir lífeyris</p>	<p>Eign er frjáls til útgreiðslu að vali rétthafa eftir að 60 ára aldri er náð, en fyrr við fráfall eða örorku.</p> <p>Eign erfist.</p>
<p>Ávinnsla réttinda</p>	<p>Eign ræðst eingöngu af ávöxtun.</p>
<p>Iðgjöld</p>	<p>Iðgjöld rétthafa og mótframlög launagreiðenda. Iðgjöldin eru frádráttarbær upp að vissu marki.</p>
<p>Fjármögnun</p>	<p>Fjármagn kemur annars vegar frá iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlögum launagreiðenda og hins vegar af ávöxtun eigna.</p>

Svíþjóð

Almenn flokkun	I. stoð: Iðgjaldakerfi II. stoð: Sjálfstæðir, starfstengdir sjóðir (yfirleitt SI) III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður
-----------------------	--

I. stoð: Almennatryggingar.

Tegundir lífeyris	Iðgjaldakerfi: Almannelífeyrir - Allmän Pension – skammstafað hér AP: AP skiptist í tekjulífeyri (inkomstpension - skammstöfun IP), iðgjaldslífeyri (premiepension - PP) og tekjutryggingu (garantipension - GP). Almenn aldursmörk eru 65 ár. Hefja má töku IP og PP lífeyris við 61 árs aldur (með skerðingu), en fresta má töku lífeyris að vild. Einnig er heimilt að taka hluta lífeyris og vinna áfram í hlutastarfi.
Ávinnsla réttinda	Réttindi til IP og PP stofnast eftir 1 árs búsetu, en eftir 3 ár til GP og þar næst fullur réttur eftir 40 ára búsetu. Réttindi í IP eru tryggð af ríkinu, þó með tryggingafræðilegum leiðréttingarstuðlum, en réttindi í PP eru eingöngu byggð á ávöxtun Almennatryggingar (social security) veita örorku- og eftirlífendalífeyri.
Iðgjöld	IP: Greidd eru iðgjöld af launum á starfsævi. 16% af launum renna til IP, en 2,5% renna í það ávöxtunarsafn (PP) sem launþeginn velur (af um 500). Þak er á iðgjöldum við sjö-og-hálf-föld viðmiðunarlaun (og því velur margt hálaunafólk að greiða einnig iðgjöld í séreignarsparnað).
Fjármögnun	AP: Fjármagn til almannelífeyris kemur af iðgjöldum. IP er gegnumstreymiskerfi (pay-as-you-go) að mestu, en iðgjaldatekjur umfram lífeyrisútgjöld renna í nokkra varasjóði (buffer funds) og verða þeir sjóðir notaðir til að jafna stöðuna þegar lífeyrisgreiðslur verða umfram iðgjaldatekjur. PP er sjóðssöfnunarkerfi. GP er greitt af ríkinu.

II. stoð: Samningsbundinn, starfstengdur lífeyrissparnaður.

Tegundir lífeyris	Tjänstepension (TP) - ellilífeyrir – frá opinberum lífeyristökualdri. TP er yfirleitt með SI-skipan Flýting er heimil frá 55 ára aldri (61 ár hjá opinberum starfsmönnum), en engin tímamörk eru á frestun. Áfallatryggingar – örorku-, maka- og barnalífeyrir – eru yfirleitt valkvæðar.
Ávinnsla réttinda	Iðgjöld eru yfirleitt greidd frá 25 ára til 65 ára aldurs (frá 21/23 ára hjá opinberum starfsmönnum), en sérstök ákvæði eru um iðgjöld eftir 65 ára aldur.

Iðgjöld	Vinnuveitandi greiðir yfirleitt 4,5% af launum upp að 7,5-földum viðmiðunarlaunum, en 30% af launum umfram þau mörk (enda ávinnst ekki réttur til almannalífeyris af þeim hluta). Skylduaðild er fyrir alla sem falla undir kjarasamninga, en þeir hafa oftast val um vörsluaðila. Launþegar greiða ekki iðgjöld.
Fjármögnun	Iðgjöld vinnuveitenda.

III. stoð: Sérstakur, valkvæður lífeyrissparnaður

Að mestu sömu meginreglur og í II. stoð, en undantekningarnar eru þessar:

- Ávinnsla réttinda er einungis í formi skilgreindra iðgjalda.
- Engin lágmarksiðgjöld eru.
- Iðgjöld eru frádráttarbær frá skattstofni við viss skilyrði.

0. og 1. stoð	Bretland	Danmörk	Holland	Ísland	Svíþjóð
Tegundir:	Iðgjaldakerfi	Grunnlífeyrir (FP) og Iðgjaldakerfi (ATP)	Grunnlífeyrir (AOW)	Markmiðskerfi	Iðgjaldakerfi (IP, PP og GP)
Lífeyristökualdur	Karlar 65 ár, konur verða komnar í 65 ár 2018. Hækkar í 67 ár 2028 og 68 ár 2046.	65 ár, hækkandi í 67 ár 2022 og í 68 ár 2030.	65 ár og 9 mán. (2017), hækkandi í 67 ár og 3 mán. frá 2021 og tengt meðalævilengd 2023	67 ár	65 ár
Flýting/seinkun	Seinkun að vild, en engin flýting.	Seinkun í mest 10 ár (háð atvinnuþátttöku). Flýting frá 62-65 ára, háð fæðingarári o.fl.	Nei	65 ára til 80 ára	61 árs – engin efri mörk
Hlutalífeyrir	Nei	Já, en hættir 2025.	Nei	50%	Já
Forsenda lífeyris	Atvinnuþátttaka (skattgreiðslur)	Búseta (FP) og vinna (ATP)	Búseta	Búseta	Vinna (IP, PP), búseta (GP)
Lágmark til að fá rétt	10 ár	3 ár (10 ár fyrir erlenda ríkisborgara)	1 ár	3 ár	1ár (IP, PP), 3 ár (GP)
Fullur réttur	35 ár	40 ár	50 ár	40 ár	40 ár
Lágmarkslífeyrir m.v. fullan rétt	Um 99 þús. ISK	FP: Um 103 þús. og um 110 þús. Lífeyrisauki = 223 þús. ISK	AOW: Um 145 þús. ISK.	228.734 ISK.	GP: Um 105 þús ISK
Uppbætur til tekjulágra	Nei	Lífeyrisauki og einnig heilbrigðis-, húsnæðis- og hitunarstyrkir	Nei	Heimilisuppbót, ef býr ein/n, 52.316 ISK.	Húsnæðisstyrkur, að hámarki um 67 þús. ISK
Tekjuskerðing	Nei	Atvinnutekjur skerða FP. Allar tekjur og sumar eignir skerða uppbætur	Nei	45% af öllum tekjum	GP skerðist um 48% við lífeyristekjur ofan við rúmar 61 þús ISK, ekki við aðrar tekjur.
Frítekjumark		Um 84.000 ISK ef fær uppbætur, en um 440.000 ISK ef fær FP.		25 þús. ISK.	
Iðgjöld	Launþegi 12% af launum upp að þaki, 2% eftir það. Vinnuveitandi 13,8% af öllum launum.	ATP: Nú um 1% af meðallaunum, þar af 1/3 frá launþega og 2/3 frá vinnuveitanda	17,9% af launum	Ekki greidd	IP: 16% af launum PP: 2,5% af launum (Iðgjaldþak m.v. 7,5 föld viðmiðunarlaun)
Skattgreiðslur	Iðgjöld hluti af sköttum	FP: Ekki krafa	Ekki krafa	Ekki krafa	Ekki krafa
Fjármögnun	Skattfé (gegnumstreymi)	FP: Skattfé. ATP: Iðgjöld	Gegnumstreymi iðgjalda	Skattfé	IP og PP: Iðgjöld GP: Skattfé
Sjóðsöfnun	Nei	ATP: Full sjóðsöfnun	Nei	Engin	IP: Varasjóðir PP: Full sjóðsöfnun

2. stoð	Bretland	Danmörk	Holland	Ísland	Svíþjóð
Skylduaðild	Nei. Vinnuveitendum skylt að stofna aðild, en launþegar mega afskrá.	Samningsbundin	Samningsbundin	Með lögum	Samningsbundin
Skilgreind réttindi	Á undanhaldi hjá því opinbera/stórfyrirtækjum.		Var algengast, en sjóðum fer fækkandi	Eldri deildir opinberra starfsmanna	Fjarar út með eldri sjóðfélögum.
Skilgreind iðgjöld	Yfirleitt smærri fyrirtæki og „frjálsir“ sjóðum. Engin samtrygging.	Allir sjóðir.	Algengast. Flestir sjóðir samtryggja, en annars skylt að kaupa annúitet við starfslok.	Nýrri deildir opinberra starfsmanna og allir almennir sjóðir. Allir sjóðir samtryggja.	Yfirleitt
Lífeyristökualdur	Sami og í stoð 1	65 ár	Sami og í stoð 1	Opinberir starfsmenn 65 ár, aðrir 67-70 ár.	65 ár
Flýting/seinkun	Frá 55 ára (57 ára frá 2028)	Frá 60 ára til 75 ára	Frá 62 ára	Frá 60 ára til 75 ára	Frá 55 ára. Engin efri mörk. Hlutalífeyrir frá 60 ára.
Réttindaávinnsla	Ávöxtun í SI-sjóðum, hlutfall af loka/meðal-launum í SR-sjóðum	Ávöxtun eigna	Jöfn.	Jöfn í opinberum sjóðum, aldurstengd í öðrum sjóðum.	Yfirleitt 25-65 ára (21-22 ára hjá opinberum)
Ávinnsluhlutfall	Algengt 1,25-1,67% á ári í SR-sjóðum		Að hámarki 1,675% (SR) og 1.875% (SI) á ári.	1,9% í opinberum sjóðum, að lágmarki 1,4 í öðrum sjóðum-	
Verðtrygging	Meginregla SR-sjóða. Hætt í annúitetum úr SI-sjóðum.	Vörsluaðili getur lofað lágmarksávöxtun iðgjalda á tilteknu tíma-bili (skilyrt/bindandi)	Ákvörðuð árlega, ræðst af ávöxtun.	M.v. laun hjá opinberum starfsmönnum, verðlag hjá öðrum	
Ábyrgð	Opinber sjóður tryggir réttindi í SR-sjóðum sem hafa greitt ábyrgðargjald.	Engin	Engin í SI sjóðum, vinnuveitendur í SR sjóðum.	Vinnuveitendur í opinberu sjóðunum, engin í öðrum sjóðum	Val um ábyrgð á annúiteti.
Aðrar tryggingar	Yfirleitt ekki innifaldar	Yfirleitt örorku- og eftirlífendatryggingar.	Lögbundnar örorku- og eftirlífendatryggingar.	Lögbundnar örorku- og eftirlífendatryggingar.	Eftirlífendatryggingar valkvæðar.
Erfanleiki	Stundum valkvætt.	Yfirleitt valkvætt.		Stundum valkvætt.	Valkvætt.
Iðgjöld	Algengt um 20% í SR-sjóðum (launþegi 1/4), 9% í SI-sjóðum (launþegi 1/3). Lágmark 8% iðgjald frá 2019.	Algengast 12%, en fer allt upp í 18%. Launþegi 1/3 og vinnuveitandi 2/3.	Af launum umfram viðmið 1. stoðar. Algengt iðgjald 20%, þar af greiða launþegar greiða 4-7%.	Að lágmarki 12%, en stefna almennt í 15,5%. Launþegar greiða 4%.	Vinnuveitandi greiðir yfirleitt 4,5% (upp að þaki) en 30% af launum yfir þaki.
Útgreiðsla	SI: Taka má 1/4 sem skattfrjálsa eingreiðslu, en annúitet fyrir ¾	Háð upphaflegu vali um ævilangan lífeyri, séreign eða eingreiðslu.	Ævilangur lífeyrir.	Ævilangur lífeyrir.	Velja má ævilangan lífeyri eða 5-20 ára útgreiðslutímabil.

Grunnmynd lífeyriskerfa

0. stoð

Opinbert kerfi án iðgjalda

Gildir um alla íbúa, háð búsetulengd

Ekkert
framlag
af launum

Ísland

Fast 228.734 ISK á mán., tekjutengt
Framfærslutrygging: 251.050 ISK á mán.

Danmörk

Fast 73.920 DKK á ári, launatekjutengt
Uppbót 78.612 DKK á ári, altekjutengt

1. stoð

Opinbert kerfi með iðgjöldum eða varasjóðum

Lögbundin skylduaðild launþega

Iðgjöld
umreiknuð
í réttindi

Danmörk, ATP

Iðgj: 284 DKK/mán. (stm 1/3, vv 2/3)
Fullur lífeyrir: 23.900 DKK á ári

Svíþjóð

Iðgjöld: 18,5% á mánuði
þar af 2,5% í sjóð að vali stm
Tekjutrygging: 95.424 SEK á ári

2. stoð

Starfstengdir sjóðir

Sjóðsöfnun, án ábyrgðar launagreiðenda
Aðild yfirleitt kjarasamningsbundin
*: Sumir sjóðir með ábyrgð launagreiðanda
S: Skylduaðild lögbundin

Iðgjöld
umreiknuð
í réttindi

Ísland*s

Iðgjöld stefna í 15,5% (stm 4%, vv 11,5%)

Danmörk

Iðgjöld yfirleitt 12-18% (Stm 1/3, Vv 2/3)

Bretland

Iðgjöld: Stm 12-14%, vv 13,8%
Fullur lífeyrir: 8.116 GBP á ári

Holland

17,9% af launum
Fullur lífeyrir: 13.953 EUR á ári

Bretland*

Algeng iðgjöld 9-20% (stm 1/4-1/3)
Lágm.iðgjöld stefna í 8% (stm 4%, vv 3%, ríkið 1%)

Holland*

Algeng iðgjöld 18,8-23,5% (stm 30%, vv 70%)
(einungis greidd af hluta launa)

Svíþjóð

Iðgjöld yfirleitt 4,5% (stm 0%, vv 100%)

Lágmarkslífeyrir í löndunum fimm

Lágmarkslífeyrir 0. og 1. stoðar miðað við fulla búsetu

Einhleypur, býr einn

	Danmörk DKK	Bretland GBP	Ísland ISK	Holland EUR	Svíþjóð SEK
	73.920 +	155,65 x	228.734 +	1.076 x	7.951
	78.612	52,14 vikur	52.316	12 mánuðir	12 mánuðir
á ári	152.532	8.116	3.372.600	13.939 (með 8%	95.412
gengi	16,78	146,33	1	124,78 orlofsuppbót)	13,21
ISK á ári	2.559.487	1.187.620	3.372.600	1.739.341	1.260.202
mánuðir	12	12	12	12	12
á mánuði	213.291	98.968	281.050	144.945	105.017

Kaupgengi SBÍ 27. jan. 2017

Heimildir

Kafli 1:

Alþjóðabankinn: „Averting the Old Age Crisis“ - <http://documents.worldbank.org/curated/en/973571468174557899/pdf/multi-page.pdf>

Holzmann og Hinz: „Old Age Income Support in the 21st Century“ - <https://openknowledge.worldbank.org/bitstream/handle/10986/7336/32672.pdf?sequence=1&isAllowed=y>

Alþjóðabankinn: „The World Bank Pension Conceptual Framework“ - http://siteresources.worldbank.org/INTPENSIONS/Resources/395443-1121194657824/PRPNoteConcept_Sept2008.pdf

Queisser, Whitehouse og Whiteford: „The public-private mix in OECD countries“ - <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.555.8417&rep=rep1&type=pdf>

Kafli 2:

Tafla 3: OECD Factbook 2015-2016 - http://www.oecd-ilibrary.org/economics/oecd-factbook-2015-2016/public-and-private-expenditure-on-pensions-as-a-percentage-of-gdp-2011_factbook-2015-graph171-en

ESB um þriggja stoða kerfi: White paper on pensions 2012 - <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=1194&furtherNews=yes>

OECD um stefnu í lífeyrismálum (pension policy recommendations) í Pensions Outlook 2016 - <http://www.oecd.org/pensions/Highlights-2016-Pensions-Outlook.pdf>

Tafla 4: OECD Pension Markets in Focus 2016 - <https://www.oecd.org/daf/fin/private-pensions/Pension-Markets-in-Focus-2016.pdf>

Skattlagning iðgjalda, ávöxtunar og lífeyris:

OECD-skýrsla: Stocktaking of the Tax Treatment of Funded Private Pension Plans in OECD and EU Countries -

<http://www.egm.org.tr/makaleler/Stocktaking%20Of%20The%20Tax%20Treatment%20Of%20Funded%20Private%20Pension%20Plans%20in%20OECD%20and%20EU%20Countries,%202015.pdf>

OECD-viðauki: OECD and EU Country Profiles - <http://www.oecd.org/daf/fin/private-pensions/tax-treatment-pension-plans-country-profiles.pdf>

Kafli 3:

OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Kafli 4:

Töflur 10-13 um GINI, fátækt, ráðstöfunartekjur - gagnasafn OECD: <http://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=IDD>

Tafla 14: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Kaflí 5:

Tafla 15: OECD gagnagrunnur um útgjöld til félagsmála – OECD Social Expenditure Database - <https://www.oecd.org/social/expenditure.htm> og OECD-skýrsla um þjóðarútgjöld - http://www.oecd-ilibrary.org/economics/national-accounts-of-oecd-countries_2221433x

Tafla 16: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Upplýsingasíður landanna um lífeyrismál:

Bretland: <https://www.gov.uk/new-state-pension> og <http://www.pensionspolicyinstitute.org.uk/pension-facts/pensions-primer-a-guide-to-the-uk-pensions-system>

Danmörk: <https://www.borger.dk/pension-og-efterloen/Pensionssystemet-i-Danmark/Om-pension> og <http://www.forsikringogpension.dk/Sider/forside.aspx>

Holland: <https://www.svb.nl/int/en/aow/> og http://telegraafpensioenfonds.nl/fileadmin/user_upload/PDF/TheDutchPensionSystem.pdf

Ísland: <http://www.tr.is/> og <https://www.ll.is/is>

Svíþjóð: <https://www.pensionsmyndigheten.se/> og <http://www.dn.se/ekonomi/pensionsskolan/sa-fungerar-din-pension/>

Tafla 17: Eurostat gagnagrunnur um lífeyrisútgjöld - http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/Social_protection_statistics_-_pension_expenditure_and_pension_beneficiaries

Kaflí 6:

Tafla 18: CIA factbook <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/rankorder/2177rank.html> og OECD - <https://data.oecd.org/pop/population.htm>

Tafla 19: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Tafla 20: OECD Pensions at a Glance 2015 - <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115201e.pdf?expires=1487760988&id=id&accname=guest&checksum=02E45B7AD122FD8C4DA32BAA1FD79ACE>

Kaflí 7:

Melbourne Mercer Global Pension Index 2016 - <https://www.mercer.com/content/dam/mercer/attachments/global/Retirement/gl-2016-mmmpi-impact-ageing-populations-full-report.pdf>

Allianz Pension Sustainability Index 2016 - http://projectm-online.com/app/uploads/Allianz_2016_Pension_Sustainability_Index.pdf